FRÉTTABLAÐIÐ
262. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER 2018

# Brotlendingu afstýrt



**Flókin álitamál eru fyrirsjáanleg við úrlausn Samkeppniseftirlitsins á því hvort heimila skuli samruna Icelandair og WOW air. Sameiningarviðræður hófust síðastliðinn föstudag en eigandi WOW air hafði áður viðrað slíkar hugmyndir við forsvarsmenn Icelandair.**

> Við fylgjumst náið með stöðunni

**39,2%**

Hækkun á gengi bréfa í Icelandair í 948 milljóna viðskiptum eftir að tilkynnt var um kaupin.

Af öllu því sem gat gerst, úr því sem komið var, þá er þetta vonandi farsælasta lausnin,“ segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ráðherra ferðamála.

Hún segir að Icelandair og WOW air séu ólík fyrirtæki með ólíka styrkleika og það skipti miklu máli að til sé sterkt íslenskt flugfélag sem geti keppt á alþjóðamarkaði og staðið af sér þær sveiflur sem fylgja. Samkeppnin sé hörð. Mörg flugfélög séu að glíma við erfiðleika í rekstri.

„Við fengum spurnir af þreifingum milli flugfélaganna um helgina og við munum halda áfram að fylgjast náið með stöðunni,“ segir Þórdís.

Samruninn er háður samþykki Samkeppniseftirlitsins (SKE). Aðspurð hvort gripið verði til sérstakra aðgerða heimili SKE ekki samrunann segir Þórdís að eftirlitið verði að fá að ljúka sinni vinnu. Slíkt hafi ekki verið rætt.

## Skúli vildi sameina fyrr

**Viðræður forsvarsmanna félaganna hófust síðastliðinn föstudag eftir að ljóst var um nýliðin mánaðamót við útborgun launa til starfsmanna WOW air hve slæm lausafjárstaða félagsins var orðin. Stjórnvöld voru upplýst um þreifingarnar um helgina.**

**Heimildir Fréttablaðsins herma að í september, þegar skuldabréfaútboð WOW stóð sem hæst, hafi Skúli Mogensen, forstjóri WOW, og lögmaður félagsins fundað með Samkeppniseftirlitinu um mögulega sameiningu félaganna. Þær tillögur gerðu ráð fyrir því að Skúli myndi eignast mun stærri hlut í Icelandair en kaupin nú gera ráð fyrir. Að sögn heimildarmanna féllu þær tillögur ekki í kramið hjá stjórnendum Icelandair.**

**Greinendur markaðarins telja að sameiningin sé jákvæð fyrir íslenska ferðaþjónustu. Hins vegar sé þetta með flóknari samrunamálum sem upp hafa komið hér á landi og spurning sé hvort Samkeppniseftirlitið vísi málinu til eftirlitsstofnunar EFTA.**



Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW.



Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála.

» Gærdagurinn var sá annasamasti í Kauphöllinni frá föstudeginum fyrir hrun.

## Segir Svandísi tala til SÁÁ með yfirlæti

**SKOÐUN** Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar sendir heilbrigðisráðherra tóninn í grein í blaðinu í dag. „Við erum í miðjum faraldri fíknisjúkdóma sem eru að deyða ungt fólk í landinu og við þurfum að bregðast við. Meiri hlutinn af sérþekkingu, reynslu og getu við meðferð þessara sjúkdóma á Íslandi er á höndum SÁÁ,“ segir Kári. Hann segir Svandísi hafi setið stutt í ráðherrastóli og hafi enga þekkingu til að meðhöndla fíknisjúkdóma. „Hún virðist hins vegar ákveðin í því að fara í geitarhús að leita ullar og í stað þess að sitja við fótskör SÁÁ til þess að læra talar hún til þeirra með hroka og yfirlæti og dregur í efa frásagnir þeirra af vandanum,“ segir hann og vísar í fræg orð Jóns Hreggviðssonar. „Hvenær drepur maður mann?“ – **ósk** / **sjá síðu 11**



Kári Stefánsson.



Svandís Svavarsdóttir.

## Afar mikið í húfi í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Bandaríkjamenn ganga til kosninga í dag. Margir kjósa til öldungadeildar þingsins, allir til fulltrúadeildar og einhverjir til ríkisstjóra. Að auki er kosið um stöður innan hvers ríkis, þing og embætti, og ýmis önnur mál á kjörseðli hvers ríkis. Mestur áhugi er á kosningum til beggja deilda bandaríska þingsins og á nokkrum ríkisstjórastólum. Úrslitin gætu haft mikil áhrif á síðari hluta kjörtímabils Donalds Trump. Frambjóðendur beggja flokka hafa fullyrt að um sé að ræða „mikilvægustu miðkjörtímabilskosningar í langan tíma“.

Fréttablaðið.is stendur vaktina í nótt.

– **þea** / **sjá síðu 9**





## Veður




Gengur í austanstorm með úrkomu. Slydda eða hríðarveður víða til fjalla seinnipartinn. Hvassast syðst og NV-til og talsverðar vindhviður við fjöll. Hiti 1 til 6 stig, en sums staðar vægt frost N-lands. SJÁ SÍÐU 16

# Fyrsti snjórinn á suðvesturhorninu



Íbúar á suðvesturhorni landsins sáu hvíta jörð þegar ný vika gekk í garð í gær. Áður höfðu byggðir norðar á landinu, venju samkvæmt, tekið forskot á sæluna. Snjórinn var seinna á ferðinni í ár en oft áður og íbúar landsins mishressir með komu þessa árlega gests. Ekki var þó annað að sjá en að þessir ferðalangar, sem urðu á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins, hafi verið himinlifandi með þetta form ofankomunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Flutningaskipið Fjordvik á strandstað í Helguvík.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mest af olíunni á land í dag

**SLYS** Vonast er til þess að búið verði að dæla stærstum hluta eldsneytisins úr flutningaskipinu Fjordvik á land í fyrramálið, segir hafnarstjóri hjá Reykjaneshöfn, Halldór Karl Hermannsson.

Flutningaskipið Fjordvik er enn strandað við hafnargarðinn í Helguvík. 104 tonn af olíu voru um borð í skipinu en dæling hefur farið fram síðan í fyrradag.

Í dag verður komið fyrir búnaði til þess að dæla sjó úr skipinu sem komist hefur þangað inn. Halldór segir illmögulegt að dæla allri olíunni út því erfitt hafi reynst að komast að ákveðnum stöðum. Kafarar tóku skipið út utan frá í gærmorgun.

Halldór segir ljóst að skemmdirnar á skipinu séu töluverðar. „Það er misjafnt en það sem liggur alveg í grjótinu er að hluta til mjög skemmt en þó kannski ekki óyfirstíganlegt,“ segir hann. Í dag muni það skýrast betur hvernig hægt sé að bera sig að til þess að koma skipinu út. Það verði gert með því að fjarlægja sjó og olíu úr skipinu. Því næst verði reynt að loka fyrir þau göt sem hægt er að loka fyrir og skipinu svo fleytt til hafnar þar sem endanleg viðgerð fer fram.

Næsti stöðufundur fer fram í hádeginu í dag. **– dfb**

# Fjöldi bílaleiga og gististaða tvöfaldast

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjöldi bílaleiga sem eru í rekstri hér á landi hefur ríflega tvöfaldast frá hruni. Skuldir þeirra nema nú tæpum 49 milljörðum króna en heildareignir eru metnar á rúmar 53,6 milljarða. Þar af eru skammtímaskuldir um 36 prósent.

Þetta er meðal þess sem má lesa úr svari ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn Píratans Smára McCarthy. Þar kemur fram að árið 2006 hafi verið sjötíu bílaleigur hér á landi en þær séu nú hundrað fleiri.

Í sama svari kemur fram að árið 2006 hafi skráðir gististaðir hér á landi verið 409 en voru í fyrra rúmlega tvöfalt fleiri. Skuldir þeirra nemi nú tæpum 86 milljörðum og hafa þær fjórfaldast frá 2006. Heildareignir hafa á sama tíma nær sexfaldast og eru nú rúmir 125 milljarðar. **– jóe**

# Megn ólykt frá skólpi sem stendur í pollum

## Fjöldi ferðamanna í Skaftafelli hefur aukist svo gríðarlega að fráveitukerfið á staðnum er löngu sprungið. Skólppollar hafa myndast á svæðinu og megn ólykt er af þeim. Tafarlausra úrbóta krafist sem munu kosta hundruð milljóna.

**SKAFTAFELL** Skólpkerfið í Skaftafelli er svo vanbúið ferðamannastraumnum að tæma þarf rotþrær á svæðinu með tveggja til þriggja vikna millibili.

Hreinsun skólps frá aðalstöðvum þjóðgarðsins og snyrtihúsum þar við er stórlega ábótavant. Skólppollar hafa myndast á svæðinu og lykt er af þeim.

Hreinsun skólps frá húsum sem kallast Kot og Örninn er ábótavant og allmikil lykt er við enda lagna.

Þetta kemur fram í eftirlitsskýrslu Heilbrigðisstofnunar Austurlands en farið var í eftirlit á svæðinu þann 10. september. Krafa er um að lögð verði fram tímasett áætlun um framtíðarlausn allra fráveitumála í þjóðgarðinum fyrir 1. apríl næstkomandi, en jafnframt að tafarlaust verði gripið til aðgerða sem tryggja að skólp standi ekki í pollum innan þjóðgarðsins.

Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs leggur mikla áherslu á að nú þegar verði hægt að hefjast handa við úrbætur í samræmi við þessar athugasemdir. „Fráveitumál á svæðinu eru ekki í takt við þann fjölda ferðamanna sem heimsækir Skaftafell í dag. Stór hluti sértekna Vatnajökulsþjóðgarðs verður til í Skaftafelli, til þess að svo megi vera áfram, þarf að ráðast í stórfelldar framkvæmdir sem munu kosta hundruð milljóna,“ segir í fundargerð Vatnajökulsþjóðgarðs vegna málsins.

Björn Ingi Jónsson, formaður svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði, segir fjölgun ferðamanna valda þessu. Innviðirnir hafi ekki undan. „Miðað við það að við séum að nálgast milljón ferðamenn þurfum við að gera hér bragarbót. Við vitum ekki nákvæmlega hvað það kostar en þetta er mikilvægt. Þegar við erum komin með þetta marga gesti á ári þá er þetta á við gott þorp á hverjum degi og því þurfum við að bæta þessa hluti,“ segir Björn.

Talað er um að æskilegt sé að dæla upp úr rotþróm annað hvert ár og hefur þá niðurbrot orðið. Nú, þegar dæla þarf mjög ört upp úr rotþróm á svæðinu hefur ekkert niðurbrot orðið og því er verið að flytja í burtu hráskólp til meðhöndlunar með tilheyrandi kostnaði. Ljóst er að úrbætur á svæðinu kosti vel á annað hundrað milljónir.

**sveinn@frettabladid.is**



**Aukinn fjöldi ferðamanna ástæða ástandsins í Skaftafelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Skólppollar hafa myndast á svæðinu** FRÉTTABLAÐIÐ/HEILBRIGÐISEFTIRLITIÐ

LED TUNNULJÓS

Rafvirkjar



DALI IP65 IK08 4000K

OSRAM

533 1900 I olafsson.is

Jóhann Ólafsson & Co

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**LJÓSASERÍUR**
samtengjanlegar

5.998 kr. stk.

**LED Ljósasería**
20 rauðar eða hvítar LED perur
9,3 m, E27, samtengjanleg

3.598 kr. stk.

**LED Ljósasería**
10 hvítar LED perur
6,3 m, E27, samtengjanleg




LED PERUR
LÍFTÍMI 25.000 KLUKKUSTUNDIR
200 LUMENS
E27

198 kr. stk.

**LED Ljósaperur**
2,5W, E27, 5 litir

259 kr. stk.

**LED Ljósaperur**
5W, E27, 5 litir

**VERTU KLÁR FYRIR VETURINN**




159 kr. stk.

**Rúðuskafa**

598 kr. pk.

**Mannbroddar**
2 stk. í pakka




400g

295 kr. 400 g

**Bónus Piparkökur**
400 g




400g

295 kr. 400 g

**KW Pipardropar**
400 g




198 kr. 200 g

**Kókostoppar**
200 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **11. nóvember** eða meðan birgðir endast.

# Kaupin minnka hættuna á stóráföllum

Greinendur telja að kaup Icelandair Group á WOW air minnki líkurnar á því að íslensk ferðaþjónusta verði fyrir verulegum skakkaföllum í vetur. Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir kaupin með flóknari samrunamálum sem hafi komið á borð Samkeppniseftirlitsins. Viðræður hófust á föstudag.



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettablad




Icelandair og WOW air verða áfram rekin undir sömu vörumerkjum en sameiginleg hlutdeild þeirra á markaðinum yfir Atlantshafið er tæplega 4 prósent. Verður félagið um það bil það tíunda stærsta á markaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> WOW air sigldi inn í umhverfi hækkandi eldsneytisverðs án sama vopnabúrs og mörg önnur flugfélög.
>
> Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka



> Hvort sem félögin eru sameinuð eða ekki þurfa þau að ná undraverðum árangri á kostnaðarhliðinni til þess að dæmið gangi upp.
>
> Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans



**VIÐSKIPTI** Greinendur telja að kaup Icelandair Group á WOW air, sem tilkynnt var um í gær, séu jákvæð tíðindi fyrir íslenska ferðaþjónustu. Líkur séu á því að létta muni á þrýstingi á flugfargjöld.

„Þessi tíðindi eru til þess fallin að auka trú á því til skemmri tíma að okkar mikilvægasti vaxtarbroddur, ferðaþjónustan, muni ganga stóráfallalaust,“ segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, segir að með kaupunum minnki líkurnar á því að það verði „stór framboðsskellur, að flugframboð dragist hratt saman með að minnsta kosti tímabundnum samdrætti í komum ferðamanna hingað til lands, eins og hefði getað gerst ef fyrra ástand hefði verið viðvarandi til lengri tíma“.

Hlutabréf í Icelandair Group ruku upp um allt að 60 prósent í verði eftir að opnað var fyrir viðskipti með bréfin um eittleytið í gær en viðskiptin voru stöðvuð fáeinum mínútum áður en tilkynning barst um yfirtökuna á tólfta tímanum. Gengi bréfanna hækkaði alls um 40 prósent yfir daginn í tæplega 950 milljóna króna viðskiptum.

Þá hækkaði úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 4,7 prósent í viðskiptum gærdagsins en mikil velta, upp á samtals 5,5 milljarða króna, var á hlutabréfamarkaði.

### Hófust á föstudag

Kaupin bar brátt að en til marks um það hóf Skúli Mogensen, forstjóri og eini eigandi WOW air, viðræður við forsvarmenn Icelandair Group síðdegis á föstudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Sérfræðingar KPMG, endurskoðanda beggja félaga, tóku þátt í viðræðunum með stjórnendum félaganna og þá komu starfsmenn Arctica Finance, ráðgjafa WOW air, einnig að málum.

Skúli mun að lágmarki eignast 1,8 prósenta hlut, að virði ríflega einn milljarður króna, í sameinuðu félagi vegna breytingar á víkjandi láni hans í hlutafé en verðið getur hækkað í samanlagt 6,6 prósenta hlut, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ljóst varð um nýliðin mánaðamót, við útborgun launa til starfsmanna WOW air, hve slæm lausafjárstaða félagsins var orðin, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Olíuverðslækkanir – en verð á tunnu af Brent-hráolíu hefur lækkað um 15 prósent frá því það náði toppi í byrjun síðasta mánaðar – og gengisveiking krónunnar – sem nemur á sama tíma um 8 prósentum – á undanförnum vikum dugðu ekki til þess að skjóta styrkari stoðum undir rekstur WOW og varð ljóst í lok síðustu viku að róttækra aðgerða, svo sem sameiningar, væri þörf ef ekki ætti illa að fara.

„Í ljósi aðstæðna tel ég að þetta sé besta lausnin,“ sagði í bréfi sem Skúli skrifaði starfsmönnum félagsins í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru lögð fram drög að sameiningu félaganna um miðjan septembermánuð, þegar skuldabréfaútboð WOW air stóð sem hæst, en eins og blaðið greindi frá á sínum tíma funduðu Skúli og Páll Rúnar Mikael Kristjánsson, lögmaður flugfélagsins, með Samkeppniseftirlitinu af því tilefni.

Tillögur WOW air gerðu þá ráð fyrir að Skúli eignaðist margfalt stærri hlut í sameinuðu félagi en raunin varð á endanum. Fengu tillögurnar dræmar undirtektir af hálfu forsvarsmanna Icelandair, að því er heimildir blaðsins herma.

### Fargjöld gætu hækkað

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir að hvort sem félögin verði sameinuð eða ekki þurfi þau að ná „undraverðum árangri á kostnaðarhliðinni til þess að dæmið gangi upp.

Félögin verða enn sem fyrr að treysta á að flugfargjöld hækki ef olían er ekki að fara að lækka meira í verði. Annars sér maður þetta ekki ganga upp. Sameinað félag gæti jafnvel skilað tapi ef fargjöld lækka enn meira eða olíuverð fer upp,“ segir Sveinn.

Elvar Ingi nefnir að kaupin séu að einhverju leyti birtingarmynd þeirra þröngu rekstrarskilyrða sem flugfélög hafa búið við undanfarið.

„WOW air sigldi inn í umhverfi hækkandi eldsneytisverðs án sama vopnabúrs og mörg önnur flugfélög. Félagið hefur þurft að takast á við hærra olíuverð strax á meðan félög eins og Icelandair eru varin fyrir breytingum á verðinu, að minnsta kosti til skemmri tíma.

Auk þess hafa meðalfargjöld haldist lág og jafnvel farið lækkandi ef eitthvað er. Í raun eru þessi tíðindi birtingarmynd þessara áskorana sem mörg flugfélög hafa þurft að eiga við. Margir aðilar hafa kallað eftir því að ákveðin samþjöppun þurfi að eiga sér stað á evrópskum flugmarkaði,“ nefnir Elvar Ingi.

Elvar Ingi bendir á að WOW air hafi verið helsti keppinautur Icelandair og á tímum reynst félaginu óþægur ljár í þúfu. Með sameiningunni ætti samkeppnisumhverfið því að breytast nokkuð. Mögulega muni eitthvað létta á þrýstingi á farmiðaverð. Samkeppnin verði hins vegar áfram hörð enda verði sameinað félag aðeins með um fjögurra prósenta hlutdeild á markaðinum yfir Norður-Atlantshafið.

## Með flóknari samrunamálum hér á landi

„Þetta er með flóknari samrunum til þess að eiga við,“ segir Eggert B. Ólafsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti, um kaup Icelandair Group á WOW air. Því sé spurning hvort Samkeppniseftirlitið vísi málinu til eftirlitsstofnunar EFTA sem taki það til ítarlegrar skoðunar í samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

„Það væri einfaldast að gera það af því að það eru svo margir markaðir í Evrópu sem koma við sögu í málinu. Hver flugleið – borg til borgar – er sérstakur markaður sem þarf að rannsaka nánar,“ nefnir Eggert.

Samkvæmt reglum samkeppnisréttar getur samruni fyrirtækis á fallanda fæti, til dæmis fyrirtækis á barmi gjaldþrots, verið heimilaður þrátt fyrir að samruninn sé skaðlegur samkeppni. Samkeppniseftirlitið hefur í nokkrum tilfellum fallist á slík sjónarmið.

Eggert segir að jafnvel þótt Icelandair byggi á því að WOW sé félag á fallanda fæti í skilningi samkeppnisréttar þá verði samkeppnisyfirvöld samt sem áður að kanna hvort önnur félög séu tilbúin til þess að taka yfir flugleiðir eða flugvélastæði WOW áður en kaupin verði samþykkt. Ekki sé sjálfgefið að Icelandair fái að eignast að fullu leiðir eða stæði WOW.

Í því sambandi bendir Eggert á að Lufthansa hafi í fyrra þurft að gefa nokkur stæði eftir til þess að kaup félagsins á eignum Air Berlin hlytu náð fyrir augum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, bendir á að samanlögð markaðshlutdeild flugfélaganna tveggja sé um 80 prósent á Keflavíkurflugvelli og „undir venjulegum kringumstæðum hefði maður haldið að eftirlitið legði ekki blessun sína yfir slíkt,“ nefnir hann.



Fræðslufundaröð Íslandsbanka



# Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka

## Fræðsla um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Á næstu mánuðum heldur Íslandsbanki fræðslufundi um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í útibúum bankans um allt land.

Á þessum vettvangi gefst einstakt tækifæri til að fræðast um og ræða ýmsa hagnýta hluti er varða rekstur og rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

### Dagskrá fræðslufunda í nóvember:

| | |
|---|---|
| **8. nóvember** | **Fjármögnun fyrirtækja**<br>8:30–9:30 Norðurturn í Kópavogi, 9. hæð |
| **14. nóvember** | **Fjárfestingar og eignadreifing**<br>8:30–9:30 Norðurturn í Kópavogi, 9. hæð |
| **21. nóvember** | **Fyrirtækjabanki – námskeið um netbanka fyrirtækja**<br>9:00–10:00 Útibú Granda |
| **28. nóvember** | **Fyrirtækjabanki – námskeið um netbanka fyrirtækja**<br>9:00–10:00 Útibú Hafnarfirði |
| **28. nóvember** | **Fjármögnun fyrirtækja og ársreikningar**<br>8:30–9:30 Útibú Akureyri |

**Skráning og dagskrá næstu funda á islandsbanki.is/fyrirtaekjafraedsla**
Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

440 4000
@islandsbanki
islandsbanki.is







Flutningsmaður segir frumvarpið lagt fram sem viðbragð við slæmri stöðu í sauðfjárrækt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kjötframleiðslu engin vorkunn að samkeppni

**Framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda líst illa á frumvarp um að afurðastöðvar í kjötiðnaði verði undanskildar samkeppnislögum. Flutningsmaður telur hins vegar nauðsynlegt að grípa til aðgerða til stuðnings sauðfjárrækt.**

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta er algerlega fráleit tillaga. Við höfum talað fyrir því að samkeppnisundanþágur mjólkuriðnaðarins verði afnumdar. Þarna er verið að taka algerlega skakkan pól í hæðina að okkar mati. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt okkur að verðlagsþróunin hefur til dæmis verið hagstæðari þegar kemur að kjöt- en mjólkurvörum einmitt vegna þess að þar er meiri samkeppni og neytendur hafa notið þess,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, um frumvarp tveggja þingkvenna Framsóknarflokksins.

Í frumvarpinu leggja þær Halla Signý Kristjánsdóttir og Líneik Anna Sævarsdóttir til að afurðastöðvar í kjötiðnaði verði undanþegnar ákvæðum samkeppnislaga en sambærilegar undanþágur gilda um mjólkuriðnaðinn.

Ólafur bendir á að íslenskur landbúnaður sé verndaður fyrir erlendri samkeppni með gríðarháum tollum. „Þegar tollkvótarnir sem samið var um við ESB eru að fullu komnir til framkvæmda er umfangið um átta til tíu prósent af innanlandsmarkaðnum eins og hann var á síðasta ári. Innlendri kjötframleiðslu er nú eiginlega engin vorkunn að standa af sér samkeppni sem er kannski um tíu prósent af markaðnum.“

Halla Signý segir frumvarpið fyrst og fremst lagt fram sem viðbrögð við slæmri stöðu í sauðfjárrækt. Því sé ekki ætlað að leysa öll vandamál greinarinnar en sé ein leið til þess.

„Afkoman hefur verið slök og ein af þeim leiðum sem nefndar hafa verið til úrbóta er að skoða afurðageirann. Það var 30 prósenta niðurskurður í afurðaverði til bænda á síðasta ári og þetta er enn að versna,“ segir Halla Signý.

Hún segir að óskir hafi komið frá afurðastöðvunum um að geta unnið saman á ýmsum sviðum til þess að hagræða í rekstri.

„Þær gætu sameinast eða gert samkomulag um verkaskiptingu en þannig værum við með stærri og hagkvæmari rekstrareiningar. Þetta skiptir líka gríðarlegu máli til dæmis þegar kemur að markaðssetningu erlendis.“

Þá bendir Halla Signý á að þróunin undanfarin misseri hafi verið sú að innflutningur hafi aukist umtalsvert. „Ef við ætlum okkur að ýta undir og halda utan um okkar góðu framleiðslu þá er þetta ein leiðin.“ **sighvatur@frettabladid.is**

## Ríkið viðurkenndi bótaskyldu vegna ferskra eggja

Í gær var lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur réttarsátt þar sem ríkið viðurkenndi bótaskyldu í máli þar sem fersk egg voru gerð upptæk af tollvörðum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir það hafa legið fyrir árum saman að íslensk löggjöf sem banni innflutning á fersku kjöti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk brjóti í bága við EES-samninginn.

„Það er hins vegar ekki enn búið að breyta löggjöfinni. Bæði þetta mál og málið í síðustu viku þar sem ferskt kjöt var aftur gert upptækt sýna fram á nauðsyn þess að lagabreytingum sé hraðað. Bæði til að tryggja réttaröryggi innflytjenda og eins til að forða íslenska ríkinu frá frekari skaðabótamálum.“

# Jónas gefur lítið fyrir gagnrýni á stjórn

**FÉLAGSMÁL** „Krafan um fundinn er byggð á lögum félagsins um að hundrað félagsmenn geti beðið um svona fund. Þegar þeir eru ekki nema helmingurinn af því segir það sig sjálft að við getum ekki orðið við beiðninni,“ segir Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Íslands.

Á föstudag var send krafa, studd af 163 undirskriftum, um að félagsfundur yrði haldinn til að ræða stöðuna sem upp er komin í félaginu eftir að Heiðveigu Maríu Einarsdóttur var vikið úr félaginu. Í tilkynningu frá stjórn félagsins kemur fram að aðeins 52 af þeim sem skrifuðu undir kröfuna séu félagsmenn.

Jónas gefur lítið fyrir gagnrýni ýmissa verkalýðsforingja og ályktun aðalfundar Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum um brottvikningu Heiðveigar. Hann segir að Jötunn hafi slitið sig frá sameiningarviðræðum hafi bara verið vitnað í það sem Heiðveig hafi sagt um stjórnina.



Formaður Sjómannafélagsins segir málið lykta af pólitík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta eru svona einhverjar eftiráskýringar sem segja ekkert neitt. Þetta er mjög sérkennilegt. Svo er þarna nýja fólkið í Alþýðusambandinu. Það blasti við að þegar stofnfundur hins nýja félags yrði, væru öll hin félögin búin að segja sig úr ASÍ. Þeirra upplegg er eitthvað tengt því að mínu mati. Það er pólitík í þessu.“

Hann segist hafa verið minntur á það af eldri félögum að þetta sé í þriðja sinn svo vitað sé sem einhverjum sé vikið úr félaginu. „Í hin tvö skiptin hefðu nú þótt léttvægar ástæður að baki miðað við nú. Skemmdarverkið er þvílíkt að þetta varð ekki umflúið,“ segir Jónas. **– sar**

# ARNALDUR UPP Á SITT BESTA!

## EKKI MISSA AF ÞESSARI!




Stúlkan hjá brúnni

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir til og með 07. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Kosningabaráttan í Bandaríkjunum er hörð. Demókratar einblína á heilbrigðismál en Repúblikanar á efnahagsmál.

# Bandaríkjamenn ganga að kjörborðinu

**Kosið er til þings, ríkisstjóra og ýmislegs annars í Bandaríkjunum í dag. Kosningarnar eru prófsteinn fyrir ríkisstjórn Trumps forseta og munu hafa veruleg áhrif á seinni hluta kjörtímabilsins. Fréttablaðið.is verður á vaktinni í nótt og fylgist sérstaklega með nokkrum spennandi kosningum.**

**BANDARÍKIN** Bandaríkjamenn ganga að kjörborðinu í dag. Fjölmargir kjósa til öldungadeildar þingsins, allir til fulltrúadeildar, einhverjir til ríkisstjóra. Að auki er kosið um stöður innan hvers ríkis, þing og embætti, og þá eru ýmis mál á kjörseðlinum í hverju ríki fyrir sig.

Mestur áhugi er á kosningum til beggja deilda bandaríska þingsins sem og á nokkrum ríkisstjórastólum. Staðan þar til næstu tveggja ára gæti haft mikil áhrif á þennan síðari hluta kjörtímabils Donalds Trump forseta og er afar mikið í húfi. Frambjóðendur beggja flokka hafa fullyrt að um sé að ræða „mikilvægustu miðkjörtímabilskosningar í langan tíma“. Einblínt verður á þær kosningar á næturvakt á Fréttablaðið.is í nótt. Kjörstöðum verður lokað víða á miðnætti og má vænta úrslita upp úr því.

Kosningabaráttan hefur verið hörð og ekki er hægt að segja að hún hafi markast af einu ákveðnu máli. Á lokasprettinum nú hafa Repúblikanar einna helst einbeitt sér að efnahagsmálum enda fer störfum fjölgandi og atvinnuleysi mælist undir fjórum prósentum. Langt er síðan staðan þar hefur verið betri. Þá hefur Trump flakkað um landið og farið mikinn í umræðu um flóttamannalestina sem gengur nú yfir Mexíkó í átt að Bandaríkjunum.

Demókratar hafa margir hverjir einblínt á heilbrigðismál og andstöðu við hinn umdeilda forseta. Ýmsir skýrendur, til að mynda á fréttavefnum Politico, hafa haldið því fram að Demókratar nýti nú miðkjörtímabilskosningarnar til þess að finna bestu leiðina til þess að hafa Hvíta húsið af Trump árið 2020. Innan flokksins sé rætt um hvort betra sé að höfða til miðjunnar eða að fylgja þeirri þróun sem hefur orðið undanfarin ár að sækja lengra út á vænginn með því að stefna að aukinni ríkisvæðingu í heilbrigðismálum og því að ákæra Trump til embættismissis. Ljóst er, sama hvor stefnan er valin, að Demókratar munu geta hindrað störf Trumps forseta verulega, nái þeir meirihluta í að minnsta kosti annarri deild þingsins.

Og útlit er fyrir það. Samkvæmt spálíkani tölfræðifréttavefsins FiveThirtyEight, sem tekur tillit til kannana, fjáröflunar, sögunnar og annarra þátta, eru 87,5 prósenta líkur á því að Demókratar taki fulltrúadeildina. Ástæðuna má til að mynda rekja til þess að meirihluti Bandaríkjamanna er andvígur forsetanum og til þess að metfjöldi Repúblikana er nú að hætta á þingi og sæti þeirra því viðkvæmari. Samkvæmt FiveThirtyEight hallast rétt rúmur meirihluti þingsætanna 435 að Demókrötum og afar mjótt er á munum hvað snertir 18 í viðbót.

Allt aðra sögu er að segja með öldungadeildina. Þar mælast, samkvæmt sömu stöðlum, 83,2 prósent líkur á að Repúblikanar haldi meirihluta og eru þeir líklegri til þess að bæta við sig ef eitthvað er. Til dæmis er nærri öruggt að Repúblikanar hirði Norður-Dakóta en þar mælist Repúblikaninn með tíu prósentustiga forskot. Kortið svokallaða er óhagstætt Demókrötum en kosið er um þriðjung þeirra hundrað sæta sem eru í öldungadeildinni. Þar af þurfa Demókratar, og óháðir á þeirra bandi, að verja sæti í tíu ríkjum sem Trump vann í forsetakosningunum. Afar mjótt telst á munum í tveimur ríkjum en þar mælast Repúblikanar þó með forskot í könnunum.

**thorgnyr@frettabladid.is**

**12**

**í kvöld byrja kjörstaðir að loka.**

**» Fréttablaðið.is verður á vaktinni í nótt og fjallar um kosningarnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Myndir úr kosningabaráttunni í Bandaríkjunum undanfarna viku eru á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

Að missa maka sinn

Þann 7. nóvember kl. 20:00 í safnaðarsal Laugarneskirkju fjalla Olga Snorradóttir og Hulda Guðmundsdóttir um makamissi.
Samveran er ætluð þeim sem misst hafa maka og þurfa að horfa á lífið í því ljósi.

Þá verður kynnt stuðningstarf vegna makamissis og hægt að skrá sig í stuðningshóp á staðnum.

Kaffisopi og enginn aðgangseyrir.

NÝ DÖGUN Stuðningur í sorg
Krabbameinsfélagið

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

## Kosningar sem vert er að fylgjast með

Fréttablaðið.is mun veita þessum kosningum sérstaka athygli í nótt.

### Ríkisstjórar

**FLÓRÍDA**



Ron DeSantis — Andrew Gillum

**+2,1%**

Báðir frambjóðendur þykja vera yst á vængjum flokka sinna. Baráttan hefur verið hatrömm og hefur DeSantis ítrekað sakað Gillum um spillingu og Gillum hefur sakað DeSantis um kynþáttafordóma.

**GEORGÍA**



Brian Kemp — Stacey Abrams

**+2,7%**

Abrams gæti orðið fyrsti svarti ríkisstjóri Georgíu. Kemp er gagnrýndur fyrir að segja sig ekki úr embætti innanríkisráðherra sem hefur umsjón með kosningum og sakaður um að draga vísvitandi úr kjörsókn.

### Öldungadeildin

**FLÓRÍDA**



Rick Scott — Bill Nelson*

**+1,9%**

Scott fer úr stóli ríkisstjóra og freistar þess að ná inn í öldungadeildina og hefur varið milljónum úr eigin vasa í kosningabaráttuna. Áhrif fellibylsins Michael á kosningarnar eru óljós en vafalaust einhver.

**INDÍANA**



Mike Braun — Joe Donnelly*

**+0,8%**

Indiana er íhaldssamt ríki og atkvæði Donnellys gegn því að staðfesta tilnefningu íhaldssama dómarans, og meinta kynferðisbrotamannsins Bretts Kavanaugh í hæstarétt hefur komið honum í klandur.

**TEXAS**



Ted Cruz* — Beto O’Rourke

**+6,5%**

Mikið hefur verið rætt um sjarma O’Rourke, öfluga fjáröflun og möguleika á því að snúa Texas. Hann þykir þó hafa spilað illa úr spilunum með því að tala ekki til kjósenda á miðjum ás stjórnmálanna.

**ARIZONA**



Martha McSally — Kyrsten Sinema

**+1,9%**

Tvær konur berjast um sæti í karllægri deild. Sinema yrði fyrsta manneskjan sem er opinberlega tvíkynhneigð til að taka sæti á meðan McSally var fyrsta bandaríska konan sem varð orrustuflugmaður.

**MISSOURI**



Josh Hawley — Claire McCaskill*

**+1,4%**

Missouri hefur færst sífellt nær Repúblikönum á undanförnum árum og er 14. íhaldssamasta ríki Bandaríkjanna. McCaskill á því mögulega erfiða kosninganótt fram undan og gæti vel misst sæti sitt.

**NEVADA**



Dean Heller* — Jacky Rosen

**+1,4%**

Nevada er eitt þeirra ríkja sem Hillary Clinton vann árið 2016 og hefur það reynst Dean Heller erfið áskorun að halda sætinu enda hefur ríkið færst nær Demókrataflokknum á undanförnum árum.

*Sitjandi þingmaður



Ron DeSantis er ríkisstjóraefni Repúblikana í Flórída. Hér sést forseti Bandaríkjanna, Donald Trump, taka vel á móti honum á kosningafundi í liðinni viku. Trump hefur verið duglegur að ferðast um landið og aðstoða við kosningabaráttu flokksfélaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hörð barátta

Bandaríkjamenn ganga til kosninga í dag. Frambjóðendur Demókrata og Repúblikana hafa fullyrt að um sé að ræða „mikilvægustu miðkjörtímabilskosningar í langan tíma“. Baráttan hefur verið hörð. Frægir keppast við að styðja sitt fólk í baráttunni.



Fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, Joe Biden, styður Demókratann og sitjandi þingmanninn Claire McCaskill. Hún gæti átt erfiða nótt fyrir höndum, ef kannanir vestanhafs standast og svo gæti farið að hún missi sæti sitt í Missouri.




Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey styður ríkisstjóraefni Demókrata í Georgíu, Stacey Abrams. Hún gæti orðið fyrsti svarti ríkisstjórinn í Georgíu.



Annar spjallþáttastjórnandi, Jimmy Kimmel, styður Demókratann Jacky Rosen, sem býður sig gegn fram þingmanni Repúblikana, Dean Heller, í Nevada.



Beto O'Rourke á kosningafundi í Houston í Texas-ríki. Hann býður sig fram fyrir hönd Demókrata gegn sitjandi öldungadeildarþingmanni Repúblikanaflokksins og fyrrverandi forsetaframbjóðandanum, Ted Cruz.

# Þrír inni þegar eldur kviknaði

Í gær kviknaði í húsi við Strandgötu á Akureyri. Rjúfa þurfti þakið til að greiða fyrir reykræstingu. Einn var fluttur á sjúkrahús vegna reykeitrunar.





Ekki var um mikinn eld að ræða en talsverður reykur var inni í húsinu. Um er að ræða fjórar íbúðir, en eldur kom upp í einni þeirra og dreifði sér upp á efri hæðir. Tilkynnt var um eldinn klukkan hálf tvö í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN









30%
afmælisafsláttur
á Heliosa hiturum

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra.
Helstu kostir HELIOSA hitara eru:

- Hitna strax
- Með fjarstýringu
- Vatnsheldir og menga ekki

Margar gerðir til á lager.
Hvítir og svartir.

30 ÁRA 2018 Flísabúðin

Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Þagnarskyldan



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Heilbrigðiskerfið er grunneining íslensks samfélags og því ekki óeðlilegt að stofnanir heilbrigðiskerfisins, ástand þeirra og mönnun séu sífellt í huga fólks. Og réttilega ætti það að vera þannig, enda er heilbrigðiskerfið ekki aðeins mótandi afl í lífi okkar heldur er það eign okkar allra.

Í leiðara sínum í Læknablaðinu ritaði Magnús Haraldsson, geðlæknir við Landspítala, um mikilvægi þess að fjölmiðlar viðhafi trausta og ábyrga umfjöllum um málefni heilbrigðiskerfisins.

Í pistli sínum segir Magnús það miður að fjölmiðlaumræða um heilbrigðismál sé oft á afar neikvæðum nótum og orð eins og „úrræðaleysi, niðurskurður, mannekla og fjársvelti“ séu algeng. Í þessari upptalningu Magnúsar er ekki að finna hugmyndir fjölmiðla um stöðu heilbrigðiskerfisins, heldur upplifun og skoðanir þeirra sem innan þess starfa og fjölmiðlar greina eðlilega frá, enda á almenningur, sem eigandi heilbrigðiskerfisins og skjólstæðingur þess, rétt á að vita hvernig rekstur þess gengur. Fjölmiðlaumfjöllun um rekstrarvanda Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana á ekki upptök sín á ritstjórnum landsins heldur í skoðunum og fullyrðingum lækna, hjúkrunarfræðinga og stjórnenda. Þessir einstaklingar skilja þá staðreynd að almenningur á skilið sannleikann, þó svo að hann geti verið erfiður.

Annað sem Magnús vekur athygli á er sú greiða leið sem skjólstæðingar heilbrigðiskerfisins eiga í fjölmiðla. Oft á tíðum hefst fjölmiðlaumfjöllun á því að einstaklingur lýsir reynslu sinni af heilbrigðisstofnunum eða læknum á samfélagsmiðlum sem fjölmiðlar greina síðar frá. Slíkt getur vafalaust reynst viðkomandi læknum erfitt, enda eru þeir bundnir trúnaði við skjólstæðinga sína, trúnaði sem fellur undir 2.500 ára gamlan samviskueið sem mótar starfsumhverfi þeirra enn í dag. Heilbrigðiskerfi verður ekki rekið án þessara gilda. Sú togstreita sem myndast milli trúnaðar og opinberrar umræðu um störf lækna er þannig ævaforn og margslungin. Magnús telur síður fjölmiðla ekki réttan vettvang til að ræða mál sem þessi. Hann telur að ritstjórar ættu að setjast niður með stjórnendum heilbrigðiskerfisins til að ræða það hvernig koma megi í veg fyrir að lýsingar „settar fram í reiði og geðshræringu séu gerðar að fréttaefni“.

> Fréttamál sem þessi eru aldrei einföld, en það að stöðva umfjöllun eða þegja þunnu hljóði þegar blaðamaður óskar eftir upplýsingum um tiltekið mál, er einfaldlega móðgun við almenning.

Fréttamál sem þessi eru aldrei einföld, en það að freista þess að stöðva umfjöllun eða þegja þunnu hljóði þegar blaðamaður óskar eftir upplýsingum, er móðgun við almenning. Slíkt hefur fyrirkomulagið oft á tíðum verið á Landspítala, svo dæmi sé tekið.

Allir hafa skilning á því að trúnaður milli læknis og sjúklings er nauðsynlegur, en þar með er ekki sagt að heilbrigðisstofnanir verði að halda sig til hlés. Þær geta tekið þátt í umræðunni án þess að virða trúnað að vettugi og hjálpað almenningi að fá rétta mynd af stöðu mála. Slíkt tíðkast víða, enda virðast flestir átta sig á að heilbrigt samband almennings, fjölmiðla og heilbrigðiskerfisins er öllum til farsældar.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Skák og mát í Mosó**

**Mosfellingar urðu fyrir talsverðu áfalli þegar sportbarnum Hvíta riddaranum var lokað skömmu fyrir þingfestingu „skáksambandsmálsins“ sem eigandi staðarins flæktist í. Bæjarbúum sem hafa vanist á að borða skyndibita með boltanum eru þó ekki öll sund lokuð þar sem golfskálinn uppfyllir sömu þörf. Hann er hins vegar ekki í sömu alfaraleið og fallni riddarinn. Þá bendir flest til þess að Mosfellingar muni enn geta sótt sér brjóstbirtu á slóðir þess hvíta þar sem sagan segir að ÁTVR ætli að flytja sig um set, úr Þverholtinu, og opna nýja verslun þar sem Hvíti riddarinn var í Háholtinu.**

**Laxeruð afsökunarbeiðni**

**Sporðaköstunum vegna óánægju félaga í Klúbbi matreiðslumeistara með styrktarsamning kokkalandsliðsins við Arnarlax er lokið með sátt, afsökunarbeiðni klúbbsins á „ósanngjarnri gagnrýni“ sem fyrirtækið mátti þola þegar halarófa af matreiðslufólki hótaði úrsögn úr klúbbnum vegna andúðar á eldislaxi. Samkvæmt fiskisögunni var afsökunarbeiðnin nokkuð þvinguð þar sem Arnarlax hefði annars grillað klúbbinn á fullu gasi fyrir samningsrof. Sáttin breytir heldur engu um að samstarfið er farið út um þúfur enda áhugi kokkanna enn takmarkaður þótt þeir hafi gengist við því að eldislax „sé fyrsta flokks vara“.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Loksins, loksins …



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur

Nú þegar skóflustunga hefur verið tekin að byggingu meðferðarkjarna hefst langþráður kafli í uppbyggingarferli nýs spítala sem hefur tekið alltof, alltof langan tíma. Í meðferðarkjarnanum mun öll aðalstarfsemi Landspítalans fara fram. Þegar byggingin verður tekin í notkun árið 2024 verður öll starfsemi Landspítalans komin á lóð spítalans við Hringbraut. Í framhaldi mun þeirri starfsemi sem fram fer í Fossvogi (gamla Borgarspítalanum) verða hætt.

Með tilkomu meðferðarkjarnans verða gríðarlegar breytingar á starfsemi spítalans sem í kjölfarið mun geta boðið framsæknar og nýjar meðferðir, meiri gæði þjónustu, boðið notendum öflugri þjónustu, boðið heilbrigðisstarfsfólki fullnægjandi starfsaðstöðu um leið og spítalinn mun geta sótt fram á öllum sviðum vegna öflugri starfsemi.

Landspítalinn stendur á tímamótum og forsenda þess að starfsemi spítalans geti þróast áfram og boðið betri og árangursríkari þjónustu er að þessar byggingar rísi í samræmi við núgildandi áætlanir. Staðreyndin er sú að heilbrigðisstarfsfólk hefur kallað lengi eftir umbótum á húsnæði Landspítalans. Tilkoma nýs spítala með fullkominni aðstöðu mun auka gæði heilbrigðisþjónustunnar, þekking heilbrigðisstarfsfólks aukast, aðgengi að þjónustu verður betra, árangur meðferðar verður meiri o.s.frv. Því má fullyrða að þegar þessar framkvæmdir klárast munu gæðin innan heilbrigðisþjónustunnar aukast, m.a. með því að meiri líkur verði á því að okkar vel menntaða heilbrigðisstarfsfólk flytji heim og vilji starfa hér á landi.

> Loksins eftir undarlega langan og tafsaman tíma eru framkvæmdir að hefjast við þessa mikilvægu framkvæmd. Til hamingju við ÖLL.

Það er saga út af fyrir sig hve miklar tafir hafa orðið á þessari mikilvægu framkvæmd. Sumt á sér eðlilegar skýringar, t.d. hrunið 2008, en annað ekki. Það var hægt að hefja framkvæmdir árið 2013, en sú ríkisstjórn sem þá tók við gerði lítið sem ekkert í þessum málum, nema tefja framkvæmdir.

Það stefnir í spennandi tíma í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Loksins eftir undarlega langan og tafsaman tíma eru framkvæmdir að hefjast við þessa mikilvægu framkvæmd. Til hamingju við ÖLL.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að bera fólk út af biðlistum?



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

**Við erum með heilbrigðisráðherra sem tók við embætti fyrir nokkrum mánuðum og hefur enga þekkingu, reynslu eða getu til þess að meðhöndla fíknisjúkdóma og verður því að leita til annarra um ráð. Hún virðist hins vegar ákveðin í því að fara í geitarhús að leita ullar og í stað þess að sitja við fótskör SÁÁ til þess að læra talar hún til þeirra með hroka og yfirlæti og dregur í efa frásagnir þeirra af vandanum.**

Tungumálið er það tæki sem við hugsum með og nákvæmni í notkun þess ræður því hvort að við, með orðavali, segjum það sem við vildum sagt hafa og bara það eða gefum meira í skyn. Þegar Svandís Svavarsdóttir sagði í hádegisfréttum í ríkisútvarpinu á sunnudaginn að það þyrfti að skilgreina biðlistann á Vogi og kanna hvers konar skilyrði þurfi að uppfylla til þess að fá að vera á honum gefur hún tvennt í skyn án þess að segja það beint. 1. Sá möguleiki sé fyrir hendi að sá biðlisti sem SÁÁ lýsir á Vogi sé eitthvað annað og meira en listi af fólki sem bíður eftir innlögn á Vog. 2. Á biðlistanum kunni að vera fólk sem ætti ekki að fara á Vog sem ef rétt reyndist þýddi að inni á Vogi væru einstaklingar sem þyrftu ekki á meðferðinni að halda. Nú skulum við skoða þetta tvennt:

1. Árið 1971 voru 146 rúm fyrir fíknisjúklinga í hinu opinbera heilbrigðiskerfi en nú eru þau 18 og nær öll fyrir tvígreinda, þá sem eru líka með aðra geðsjúkdóma. SÁÁ hefur því tekið yfir á sínar herðar meiri hlutann af þeirri meðferð sem stendur fíklum til boða í okkar samfélagi í dag. SÁÁ hefur unnið ötullega að því að byggja upp starfsemi sína en hefur ekki undan aukningu í þörf og þess vegna sitjum við uppi með biðlista. Biðlistinn á meðal annars rætur sínar í því að ríkið hefur dregið úr þeirri þjónustu sem það býður upp á og hefur þrjóskast við að borga fyrir þjónustuna á Vogi. Biðlistinn á Vogi er alfarið á ábyrgð ríkisins og óheppilegt að heilbrigðisráðherra þess gefi það í skyn að hann sé annarlegur.
   Í þessu sambandi er vert að benda á að SÁÁ þarf ekki á biðlista að halda til þess að rökstyðja meiri stuðning frá ríkinu vegna þess að af 2.200 innlögnum á Vog á ári hverju borga Sjúkratryggingar ekki fyrir nema 1.500. Heilbrigðisráðherra skýtur býsna langt yfir markið þegar hún gefur í skyn að SÁÁ sé að ýkja biðlistann og það er ljótur dónaskapur við aðstandendur fíkla sem hafa dáið upp á síðkastið meðal annars vegna þess að þeir komust ekki inn á Vog. Fíknisjúkdómar eru banvænustu sjúkdómar ungs fólks á Íslandi en samt er hið opinbera að skera við nögl meðferð við þeim.
2. Sjúkrahúsið á Vogi býr að mikilli reynslu, þekkingu og getu við meðferð á fíknisjúkdómum og það er ekki líklegt að annar aðili sé hæfari til þess að meta þörf einstaklinga fyrir meðferð. Hvað á heilbrigðisráðherra við þegar hún segir að það þurfi að kanna hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að fá að vera á biðlista? Eitt er víst að listinn myndi styttast töluvert ef af honum yrðu teknar allar fyllibyttur og dópistar. Og ef ekki allar fyllibyttur og dópistar, þá hverjir og hver á að velja þá?

Við erum í miðjum faraldri fíknisjúkdóma sem eru að deyja ungt fólk í landinu og við þurfum að bregðast við. Meiri hlutinn af sérþekkingu, reynslu og getu við meðferð þessara sjúkdóma á Íslandi er á höndum SÁÁ. Við erum með heilbrigðisráðherra sem tók við embætti fyrir nokkrum mánuðum og hefur enga þekkingu, reynslu eða getu til að meðhöndla fíknisjúkdóma og verður því að leita til annarra um ráð. Hún virðist hins vegar ákveðin í því að fara í geitarhús að leita ullar og í stað þess að sitja við fótskör SÁÁ til þess að læra talar hún til þeirra með hroka og yfirlæti og dregur í efa frásagnir þeirra af vandanum. Þegar maður verður var við ábyrgðarleysi af þessum toga í viðbrögðum við faraldri af banvænum sjúkdómi vaknar hjá manni spurningin gamla Jóns Hreggviðssonar: Hvenær drepur maður mann?

# Veltiár framundan



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður VG

**Norðurslóðir eru lykilsvæði í andófinu gegn loftslagsbreytingum og við hér á landi í miðri hringiðunni. Á norðurslóðum verður að hægja á vinnslu jarðefnaeldsneytis og takmarka þær við 20% þekktra birgða í jörðu. Á heimsvísu verður að láta ⅔ þekktra birgða liggja kyrrar.**

Okkur jarðarbúum gengur of hægt við að efla viðbrögð gegn hraðri hlýnun loftslags á heimsvísu. Þau snúast um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og samtímis að binda sem mest af kolefni. Breyttur landbúnaður, minni flutningar, minni skógvinnsla í stórum stíl en meiri skógrækt eru meðal lykilverkefna. Enn eitt lykilverkefnið er sjálfbærari orkuframleiðsla en nú tíðkast og tæknilegri stóriðja sem minnkar losun frá verksmiðjum.

Rýrnun jökla og hafíss er verulegt áhyggjuefni. Við það minnkar endurvarp sólgeislunar og dökkt land og haf drekkur í sig æ meiri varma.

Margt af þessu og skyldum efnum enduróma á ráðstefnum og fundum, t.d. skoðana- og fræðslutorginu sem opið er í Hörpu ár hvert: Arctic Circle. Þar kemur líka oft fram að rannsóknir eru orðnar nægar til þess að við getum aðhafst af skynsemi – að verkin eigi að tala án þess að rannsóknir minnki.

Markmið íslenskra stjórnvalda eru metnaðarfull. Að standa við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og gera auk þess Ísland kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Bæði eiga þau að hljóta þverpólitískt fulltingi þó svo menn greini á um leiðir. Þær finnum við með umræðum og virðingu fyrir staðreyndum. Fjármögnun aðgerða sem til þarf til þess að ná markmiðunum verður að ganga fyrir sumu af því sem við erum vön að vilja fjármagna. Neyslumynstur verður að breytast að ýmsu leyti.

Norðurslóðir eru lykilsvæði í andófinu gegn loftslagsbreytingum og við hér á landi í miðri hringiðunni. Á norðurslóðum verður að hægja á vinnslu jarðefnaeldsneytis og takmarka hana við 20% þekktra birgða í jörðu. Á heimsvísu verður að láta ⅔ þekktra birgða liggja kyrrar. Um leið er afar brýnt að Norður-Íshafið og aðliggjandi haf- og strandsvæði verði virt sem vopnlaust svæði með alþjóðlegum samningum – svæði þar sem öryggi, leit og björgun er tryggð en hernaðaruppbygging látin eiga sig. Hafsvæði utan 200 mílna lögsögu verði undir alþjóðlegri stjórn og auðlindanýting þar sömuleiðis.

Norðurskautsráðið verður undir íslenskri stjórn frá 2019-2021 og þá hægt að koma mörgu góðu til leiðar eins og um verður búið í verkefnaskrá sem unnið hefur verið að.

# Dómþing á bak við svarta gardínu



**Haukur Logi Karlsson**
nýdoktor við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Fréttablaðið fjallaði hinn 31. október sl. um myndatökur í dómshúsum og rakti brot úr samtali blaðamanns við skrifstofustjóra Landsréttar. Tilefnið var einkennileg uppákoma á dögunum þar sem reynt var að koma í veg fyrir eðlilegan fréttaflutning af einu umtalaðasta dómsmáli síðustu ára, m.a. með því að sveipa sakborninginn svörtum gardínum. Svör skrifstofustjórans, sem ég geri ráð fyrir að séu rétt höfð eftir, voru á þá leið að öryggi sakborninga þyrfti að tryggja, þeir væru saklausir uns sekt væri sönnuð, fólk ætti að geta komist óséð um dómshúsið og að fólk hefði val um hvort það væri myndað.

Það verður að viðurkennast að þarna hrekst skrifstofustjórinn úr einni haldlausri klisjunni yfir í þá næstu. Öryggi sakborninga er vissulega ekki ógnað með fréttaljósmyndum, viðkomandi sakborningur hafði þegar verið fundinn sekur af héraðsdómi og sætti í öllu falli opinberri ákæru fyrir hegningarlagabrot, fólk á ekki heimtingu á að komast óséð um opinbera staði eins og dómshús og fólk hefur almennt ekki val um það hvort það sé myndað á opinberum stöðum. Í stuttu máli misheppnaðist skrifstofustjóranum að færa viðhlítandi rök fyrir takmörkun á fréttaflutningi af því dómsmáli sem um ræðir, enda eru ljósmyndir órjúfanlegur þáttur af nútíma fréttaflutningi.

Uppákoman í dómshúsinu verður vart skilin öðruvísi en sem takmörkun á þeirri meginreglu að réttarhöld skuli fara fram fyrir opnum tjöldum. Verndarandlag þeirrar meginreglu er niðurstaða sjálfs réttarhaldsins. Það eru meiri líkur á réttri niðurstöðu ef störf dómstólsins eru opin almenningi af þeirri einföldu ástæðu að þá þurfa lögmenn, saksóknarar, dómarar og sakborningar að vanda sig betur; öll framkoma og tjáning til ljóss eða láðs verður almenningi ljós. Það eru því meiri líkur á mistökum og slælegum vinnubrögðum í réttarhaldi sem fer fram á bak við svarta gardínu, rétt eins og það eru meiri líkur á að fólk fari gegn rauðu ljósi þegar enginn er að horfa. Það má því spyrja hvort þær ástæður sem skrifstofustjórinn nefnir réttlæti aukna hættu á mistökum í dómsmeðferð sakamála?

Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart að lögmenn, saksóknarar, dómarar og aðrir starfsmenn réttarkerfisins vilji vinna störf sín fjarri kastljósi fjölmiðla. Það er þægilegra að hafa það þannig og þeir treysta sjálfum sér eflaust til að gera ekki mistök.

Réttarhald, ekki hvað síst í sakamálum, er hins vegar opinber athöfn. Almenningur þarf að sjá og heyra hvað dómstólarnir og aðrir starfsmenn kerfisins eru að aðhafast, enda er það eina aðhaldið sem unnt er að veita þeirri grein ríkisvaldsins sem er svo vandlega varin fyrir pólitískum afskiptum. Öll takmörkun á fréttaflutningi af dómsmálum, umfram það sem er nauðsynlegt til að dómþing geti náð eðlilega fram að ganga, þarf því að byggja á sterkum rökum en ekki innihaldslausum klisjum.

## Opið söluferli á hlut Landsbankans í Eyri Invest

Landsbankinn hf. býður til sölu, í heild eða að hluta, allt að 12,1% eignarhlut í fjárfestingarfélaginu Eyri Invest hf.

Eyrir Invest hf. er fjárfestingarfélag sem stofnað var árið 2000. Langstærsta eign Eyris Invest hf. er 25,9% eignarhlutur í Marel hf. Eyrir Invest hf. á einnig tæpan helmings hlut í Eyri Sprotum slhf., fjárfestingarfélagi sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum og um þriðjungshlut í Efni ehf., sem sérhæfir sig í að byggja upp nýjar markaðs- og söluleiðir fyrir fyrirtæki í gegnum netsölu og samfélagsmiðla.

Söluferlið fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna og er öllum opið sem teljast vera hæfir fjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 9. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti.

Áhugasamir fjárfestar geta haft samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans með því að senda tölvupóst á netfangið soluferli@landsbankinn.is. Þá má nálgast stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu, eyðublað vegna hæfismats, upplýsingar um lágmarksverð, lágmarksfjárhæð tilboða og aðra tilboðsskilmála, ásamt mati á hagsmunaárekstrum á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Fjárfestar sem undirritað hafa trúnaðaryfirlýsingu og uppfylla hæfisskilyrði fyrir þátttöku í söluferlinu fá afhent ítarlegri kynningargögn um Eyri Invest hf. og gera tilboð á grundvelli þeirra. Eingöngu verður tekið við tilboðum á sérstöku tilboðsformi og samkvæmt þeim skilmálum sem þar koma fram og hægt er að nálgast hjá umsjónaraðila söluferlisins, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.

Tilboðsfrestur er til kl. 12.00 miðvikudaginn 28. nóvember 2018.







# Skorti vettvang fyrir konur í Breiðholtinu

**Leiknir Reykjavík hefur loksins sett á laggirnar meistaraflokkslið í kvennaknattspyrnu. Garðar Gunnar Ásgeirsson, sem tekið hefur að sér að stýra uppbyggingu liðsins og kemur til með að þjálfa liðið, segir framtakið vera löngu tímabært.**

**FÓTBOLTI** Leiknir Reykjavík hefur sett á stofn kvennalið í knattspyrnu í meistaraflokki og stefnan er sú að leika í 2. deildinni næsta sumar. Liðið er hugarfóstur Garðars Gunnars Ásgeirssonar sem þjálfaði um árabil bæði yngri flokka og meistaraflokk hjá félaginu og Þórðar Einarssonar, yfirþjálfara hjá knattspyrnudeild félagsins. Fyrsta æfingin hjá liðinu var haldin um síðustu helgi og ljóst að mikil spenna er fyrir þessu verkefni.

„Við höfum gengið með þessa pælingu í maganum í um það bil ár og það var svo sem ekkert meitlað í stein að ég myndi þjálfa liðið. Leiknir hefur verið með kvennastarf upp í 3. flokk undanfarin ár og eftir það hafa leikmenn á okkar vegum annaðhvort hætt eða farið í önnur félög. Okkur fannst vera kominn tími á að leikmenn í yngri flokkum hjá okkur hefðu fyrirmyndir og að þeir hefðu líka vettvang til þess að hefja meistaraflokksferil,“ segir Garðar Gunnar í samtali við Fréttablaðið.

„Uppistaðan í liðinu eru leikmenn sem voru á sínum tíma í Stjörnunni en voru hættir að spila fótbolta. Það voru svo fjórir leikmenn sem höfðu æft upp yngri flokkana hjá okkur og þrír leikmenn sem eru að æfa í 3. flokki. Þá komu tveir leikmenn sem höfðu spilað með HK/Víkingi, en höfðu verið í pásu frá fótboltaiðkun. Allt í allt voru þetta rúmlega 20 leikmenn og ég veit af fleiri leikmönnum sem ætla að mæta en komust ekki á fyrstu æfinguna,“ segir þjálfarinn margreyndi um fyrstu sporin hjá nýju liði.

„Það hefur vantað töluvert upp á að kvennastarfi í íþróttum sé gert


Frá fyrstu æfingu meistaraflokks kvenna hjá Leikni R. MYND/ÞÓRÐUR EINARSSON

eins hátt undir höfði og það ætti að vera. Það kostar vissulega töluverða vinnu að koma þessu á fót, en við erum reiðubúin til að leggja það á okkur.

„Við erum að skipuleggja það að finna æfingaleiki við hæfi og erum svo búin að skrá liðið til keppni í Lengjubikar og í 2. deildinni. Leikmönnum hefur verið gerð grein fyrir því að Leiknir er að leggja í þó nokkurn kostnað og á móti er þess krafist að leikmenn sinni verkefninu almennilega,“ segir þessi mikli Leiknismaður.

„Það er hins vegar meginmarkmiðið að leikmenn hafi gaman af þessu. Við áttum okkur á því að við erum með leikmannahóp sem er samansettur af leikmönnum sem við getum ekki krafist að æfi eins og efstudeildarlið. Leikmenn hafa aðrar skuldbindingar sem geta á tímum verið í forgangi. Það er hins vegar á hreinu að farið er fram á að leikmenn mæti eins vel og mögulegt er og forsenda fyrir því að leikmenn láti leiki alla jafna ganga fyrir öðrum verkefnum sínum,“ segir Garðar Gunnar um framhaldið hjá liðinu.

„Leiknir hefur í gegnum tíðina alið upp leikmenn sem hafa leikið í hæsta gæðaflokki á öðrum vettvangi. Það er frábært að Leikniskonur hafi nú tækifæri til að leika í Leiknisbúningi í meistaraflokki. Svo er það mín tilfinning að það sé nokkuð stór hópur af leikmönnum sem komist ekki að hjá stóru félögunum og vantar vettvang til þess að spila í meistaraflokki. Hér er komið lið sem leikmenn getað leitað til ef þannig stendur á,“ segir hann um Leiknisliðið. **hjorvaro@frettabladid.is**


Stefán er kominn aftur í þjálfun eftir árshlé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Stefán í Efra-Breiðholtið

**FÓTBOLTI** Stefán Gíslason er tekinn við þjálfun karlaliðs Leiknis R. Hann skrifaði undir tveggja ára samning við félagið.

Stefán tekur við þjálfarastarfinu hjá Leikni af Vigfúsi Arnari Jósepssyni sem stýrði liðinu stærstan hluta af síðasta tímabili. Leiknir endaði í 7. sæti Inkasso-deildarinnar í sumar.

Stefán stýrði Haukum 2017. Liðið endaði þá í 7. sæti Inkasso-deildarinnar. Stefán þjálfaði áður 2. flokk karla hjá Breiðabliki.

Hann lék lengi sem atvinnumaður og á 32 A-landsleiki á ferilskránni. Stefán lauk ferlinum með Breiðabliki árið 2014. **– iþs**

## Birgir Leifur komst áfram

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, er kominn áfram á lokastig á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Haraldur Franklín Magnús, atvinnukylfingur úr GR, komst hins vegar ekki á það stig.

Birgir Leifur endaði í 6.-13. sæti, en hann lék á samtals 13 höggum undir pari vallarins. Sá árangur dugði til þess að komast áfram, en hann tekur þátt í lokaúrtökumótinu sem fram fer á Spáni 10.-15. nóvember.

Þetta er í 20. sinn sem Birgir Leifur tekur þátt í úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina. Hann mun leika á lokaúrtökumótinu í 14. sinn á ferlinum.



Hann tók þátt fyrst árið 1997 og er hann eini íslenski karlkylfingurinn sem hefur náð að tryggja sér keppnisrétt á Evrópumótaröðinni. **– hó**

## Nýjast

### Olís-deild karla

**ÍBV -Valur 28-30**
**Markahæstir:** Theodór Sigurbjörnsson 5, Kári Kristjánsson 5/3, Hákon Daði Styrmisson 4 - Agnar Smári Jónsson 9, Róbert Aron Hostert 7, Sveinn Aron Sveinsson 5.

**ÍR -Haukar 28-28**
**Markahæstir:** Pétur Árni Hauksson 6, Björgvin Hólmgeirsson 6, Sturla Ásgeirsson 5/1 - Atli Már Báruson 7/2, Tjörvi Þorgeirsson 5, Ásgeir Örn Hallgrímsson 5.

### Geysisbikar karla

**Grindavík - Keflavík 80-65**
**Stigahæstir:** Lewis Clinch 21, Ólafur Ólafsson 20, Sigtryggur Arnar Björnsson 15 - Michael Craion 18, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Gunnar Ólafsson 14.

**Stjarnan - Breiðablik 105-78**
**Stigahæstir:** Antti Kanervo 24, Arnþór Freyr Guðmundsson 19, Tómas Þórður Hilmarsson 13 - Árni Elmar Hrafnsson 12, Christian Covile 10, Bjarni Geir Gunnarsson 10.

**Selfoss - Sindri 94-91**
**Stigahæstir:** Ari Gylfason 30, Michael Rodriguez 28, Maciek Klimaszewski 12 - Kenneth Fluellen 25, Barrington Stevens III 22.

### Enska úrvalsdeildin

**Huddersfield - Fulham 1-0**
1-0 Timothy Fosu-Mensah, sjálfsmark (29.).

Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER 2018



Hliðarkráka er krefjandi jafnvægisstaða sem styrkir meðal annars handleggi og úlnliði.

# Hefur opnað nýja vídd

Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri hjá OR og stjórnarformaður Veitna, er jógi af lífi og sál. Hún byrjaði að stunda jóga af krafti fyrir fjórum árum og hefur ferðast ein síns liðs vítt og breitt um heiminn í tengslum við jógað. →2

EINSTAKT KOLLAGEN RAKAKREM

GEFUR GÓÐA NÆRINGU OG MIKINN RAKA




Fæst í flestum apótekum og www.heilsanheim.is

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is



Guðrún byrjaði að stunda jóga af alvöru fyrir fjórum árum en hafði fram að því dundað sér við að gera æfingar heima á jógadýnu sem amma hennar heitin gaf henni. Amma hennar, Erla Tryggvadóttir, kenndi henni undirstöðurnar í jóga og öndun þegar hún var barn og leyfði henni að fylgja sér í jógatíma sem hún kenndi. Líklega tendraði það áhugann.

## Jóga er lífið

Guðrún Erla ákvað árið 2014 að fara í jógabúðir í Goa á Indlandi en eftir það varð ekki aftur snúið. „Í mínum huga er jóga lífið – og lífið jóga. Í því tekst ég á við svo miklu meira heldur en líkamlegar áskoranir og er stöðugt að skora á hugann og hjartað. Í sanskrít táknar orðið „yoga“ tengingu eða sameiningu huga, líkama og sálar. Kraftaverk gerast þegar maður velur að einblína á kærleika og það jákvæða í lífinu. Jóga tengir mig þessum tilfinningum og hjálpar mér að vera í núinu. Það hefur hreinlega opnað fyrir mér nýja vídd.“

Guðrún Erla hefur gaman af því að prófa ólíka tíma. „Ég er með árskort í World Class og fer mikið þangað. Nýverið var svo jógastúdíóið Iceland Power Yoga opnað í nágrenni við mig, sem ég stefni á að prófa. Að mínu mati gefur hver kennari eitthvað nýtt. Hann kemur með nýjar áskoranir og nærveru sem er svo dásamlegt að vera hluti af en þess utan hef ég sótt einkakennslu til að reyna að dýpka þekkingu mína og færni,“ upplýsir Guðrún Erla.

Hún hefur sömuleiðis farið í alls kyns jógaferðir út fyrir landsteinana. „Þar er ég í essinu mínu og hef leitað uppi staði víðsvegar um heiminn til að stunda jóga. Ég fór í Ashyana Yoga Center í Goa á Indlandi, Absolute Sanctuary á Koh Samui á Taílandi og Samahita Retreat á sömu eyju. Þá fór ég á „detox retreat“, eða djúsföstu, á Möltu, Amchara Retreat og í Longevity í Portúgal en á báðum stöðum var boðið upp á jóga samhliða föstunni.



Guðrún Erla hefur ferðast víða í tengslum við jógaiðkunina og er þá í essinu sínu. Hún segir bæði krefjandi og holt að ferðast ein.

**„Það er ótrúlega hollt að læra að vera einn með sjálfum sér. Ef maður hefur ekki gaman af eigin félagsskap, hver hefur það þá?**

Guðrún Erla hefur mestmegnis haldið í jógaferðirnar ein sem hún segir krefjandi og þroskandi í senn. „Það er ótrúlega hollt að læra að vera einn með sjálfum sér. Ef maður hefur ekki gaman af eigin félagsskap, hver hefur það þá?“ spyr hún og hlær. Hún segist að auki hafa kynnst fullt af fólki á ferðum sínum og eignast yndislega vini. „Þá hef ég farið í hópferð með jógastöðinni Sólum til Koh Samui á Taílandi. Þó ég hafi verið á eigin vegum kynntist ég og tengdist dásamlegu fólki og það er að mínu mati ómetanlegt að vera með fólki sem er á sams konar ferðalagi.“

## Leggur rækt við heilsuna

Guðrún Erla tók ástfóstri við líkamsrækt um tvítugt og hefur prófað alls kyns tíma í gegnum tíðina. Fyrir utan jóga finnst henni ómissandi að skokka og grípa í lóð og finnst það fara mjög vel saman. Aðspurð segist hún almennt hugsa vel um heilsuna. „Ég er þó ekkert heilög og dett stundum af heilsuvagninum. Það er hins vegar ekkert annað við því að gera en að skella sér á hann aftur.“ Í huga Guðrúnar Erlu er það að huga að heilsunni að gera vel við sjálfa sig. Hún leggur áherslu á að sofa vel og að leggja rækt við bæði líkama og sál. Hún segir fátt næra sig betur en samvera með strákunum sínum tveimur, fjölskyldu og vinum. „Það að hlæja er í mínum huga eitt mikilvægasta heilsuráðið og ekki að ástæðulausu að hlátur sé sagður besta meðalið. Svo finnst mér alveg lífsnauðsynlegt að fara í sund og heita potta. Heitt vatn er dýrmæt auðlind sem ég kann svo sannarlega vel að meta.“

*En spáir þú mikið í mataræði samhliða hreyfingu?*

„Ég reyni að borða lítið kjöt og mikið grænt. Þó mér leiðist boð og bönn þá hentar mér afar illa að borða hveiti og sykur. Ég verð slöpp og líður illa og reyni því að forðast það eins og ég get. Pitsa er hins vegar með því besta sem ég fæ en það er hægt að velja hollari kostinn í þeim efnum eins og flestu. Þá legg ég mikið upp úr því að hreinsa líkamann og tek djúsföstu einu sinni til tvisvar á ári. Það eru skiptar skoðanir um ágæti slíkrar föstu en hún hentar mér vel. Ég verð orkumeiri og líður yndislega á eftir.“

## Þakklát

Guðrún Erla hefur í nægu að snúast og leggur stund á doktorsnám samhliða starfi. „Rannsóknarefni mitt tengist stjórnarháttum og stefnumótandi hlutverki stjórna, en ég er að skoða eigendastefnu OR út frá þessu sjónarhorni. Þar sem námið mitt er innan atvinnugreinar þá sameinast starf og nám og ég er svo lánsöm að fá að bæði að rannsaka og hrinda í framkvæmd og vakna glöð í vinnuna og hlakka til að fara í vinnuna á hverjum morgni.“

Þakklæti er Guðrúnu Erlu ofarlega í huga og byrjar hún hvern dag á því að hugsa um það sem hún er þakklát fyrir, sem rímar vel við jógafræðin. „Ég les líka mikið um jóga og hnýt reglulega um tilvitnanir sem tala til mín,“ segir hún og nefnir eftirfarandi tilvitnun í B.K.S. Iyengar sem dæmi: „The light that Yoga sheds on life is something special. It is transformative. It does not just change the way we see things; it transforms the person who sees.“ eða „Jóga varpar einstöku ljósi á lífið. Það er breytingarafl. Það breytir ekki aðeins því hvernig við sjáum hlutina; það breytir manneskjunni sem sér.“



„Eftir að ég varð örugg í höfuðstöðunni er ég farin að leika mér í henni og prófa alls konar stellingar með fæturna, enda eyði ég nokkrum mínútum í stöðunni. Þessi mynd er tekin á Samahita Retreat á Taílandi 2017.“



Þetta var í fyrsta skipti sem Guðrún Erla komst óstudd í höfuðstöðu á strönd í Essaouira í Marokkó 2015. „Höfuðstaða á dag kemur skapinu í lag.“



Hér má sjá Guðrúnu Erlu í einfættu hjóli á ströndum Koh Samui 2017.



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER 2018



# Bíll ársins með rentu

Það þarf ekki að fara í grafgötur með það að hér sé kominn fagur bíll og góður, en Volvo V60 var nýlega kosinn bíll ársins af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hlaut stálstýrið eftirsótta. →6



# BÍLAR

## Volkswagen á tvær söluhæstu bílgerðir Evrópu

Volkswagen Golf og Polo eru tvær söluhæstu bílgerðir í Evrópu í ár fram til loka september. Golf er reyndar langsöluhæsta eina bílgerðin með 404.269 bíla, en Polo hefur selst í 291.347 eintökum. Í þriðja sæti er svo Renault Clio með 287.152 bíla og hafa Polo og Clio haft sætaskipti frá því í fyrra, en Clio var í öðru sæti í fyrra á eftir Golf. Söluhæsti jepplingur Evrópu er svo í fjórða sæti, en Nissan Qashqai hefur selst í 232.783 eintökum. Volkswagen á svo enn einn bílinn í fimmta sætinu, en VW Tiguan hefur rokið út í 232.600 eintökum og aukið söluna um 12,5% á milli ára. Í sjötta sætinu er Ford Fiesta með 218.663 bíla og Skoda Octavia hefur selst í 205.160 eintökum. Í 8. sæti er svo Peugeot 208 með 184.336 bíla, í 9. Ford Focus með 177.550 bíla og í 10. sæti er Renault Captur með 174.769 bíla. Í fyrsta skipti í marga áratugi er Opel ekki með neinn bíl á topp 10 listanum í Evrópu, en Opel Corsa er í 12. sæti listans. Fiat má einnig muna fífil sinn fegri en Fiat 500 er í 21. sæti hans.

## Donkerwolke yfirhönnuður Hyundai og Kia

Einn þekktasti eða ekki þekktasti bílahönnuður nútímans, Peter Schreyer, hefur látið af störfum sem yfirhönnuður Hyundai-, Kia- og Genesis-bíla og við af honum tekur Luc Donkerwolke en hann kemur frá Lamborghini. Peter Schreyer var að auki einn af aðstoðarforstjórum Hyundai/Kia en mun nú verða ráðgefandi við hönnun bíla kóreska bílaframleiðandans. Donkerwolke átti áður athyglisverðan feril hjá Volkswagen Group og réð sig þangað árið 1992 og var hjá Skoda á árunum 1994 til 1996 og átti þátt í hönnun Skoda Octavia og Fabia.

Árið 1996 fluttist hann til Audi og teiknaði þar meðal annars bílana Audi A4 Avant og Audi A2.

Luc Donkerwolke er belgískur en er fæddur í Lima í Perú. Hann var síðan ráðinn til Lamborghini og var þar ábyrgur fyrir hönnun Lamborghini Murcielago-, Diablo- og Gallardo-sportbílanna. Ásamt Walter deSilva hannaði hann Lamborghini Miura-tilraunabílinn. Donkerwolke hóf síðan störf hjá Seat og hannaði þar Ibiza-bílinn, en varð síðan yfirhönnuður Bentley árið 2012. Árið 2015 yfirgaf hann Volkswagen Group og gekk til liðs við Hyundai/Kia.




Nissan rekur stóra verksmiðju í Sunderland í Bretlandi.

# Brexit hamlar breskri bílaframleiðslu

**Bílasmíði dróst saman um 18,6% í Bretlandi í september og er áhrifum Brexit kennt um að mestu en einnig nýjum bílatollum í Bandaríkjunum og Kína, sem og andstöðu við dísilbíla.**

Í Bretlandi starfa 850.000 manns við bílaframleiðslu og eru þeir líklega allir uggandi um hvort eða hvers konar samningur verður gerður við Evrópusambandið áður en að brotthvarfi Bretlands kemur í mars á næsta ári. Bílasmíði dróst saman um 18,6% í Bretlandi í september og er áhrifum Brexit kennt um að mestu en einnig nýjum bílatollum í Bandaríkjunum og Kína, sem og andstöðu við dísilbíla.

Aðeins var framleiddur 127.051 bíll í september í ár en í sama mánuðií fyrra voru þeir 152.660 talsins. Í ár hefur bílasmíði í Bretlandi dregist saman um 6,6% og nemur 1.171.765 bílum til loka september. Sala bíla í Bretlandi hefur minnkað á árinu og á það að sjálfsögðu líka þátt í þeim samdrætti sem hefur orðið í bílasmíðinni, en

> **Aðeins var framleiddur 127.051 bíll en í september í fyrra voru þeir 152.661 talsins.**

þó er stærstur hluti bíla sem framleiddir eru í Bretlandi fluttur til annarra landa.

### Minnkandi framleiðsla eftir stærsta framleiðsluárið

Í fyrra var 3% samdráttur í breskri bílasmíði en árið þar á undan, 2016, var stærsta bílasmíðaár Bretlands frá upphafi. Það eru því blikur á lofti í breskri bílasmíði og mikið veltur á góðum Brexit-samningi, sem lítið bólar á og óvíst hvenær birtist.

Margir bílaframleiðendur í Bretlandi eru að búa sig undir erfiðari tíma og minni framleiðslu og hjá Bentley, sem er í eigu Volkswagen Group, er allt eins búist við því að vinnuvikan verði brátt 4 dagar, jólafríið verði langt þetta árið og ef til vill páskafríið líka. Jaguar Land Rover hefur sagt að slæmur Brexit-samningur gæti kostað fyrirtækið allt að 180 milljörðum króna. Aston Martin hefur hægt á framleiðslu sinni og svo til allir bílaframleiðendur hafa búið sig undir minni framleiðslu og erfiða tíma.

# Kína hugleiðir tollalækkun

Sala bíla hefur minnkað verulega að undanförnu í Kína, svo mikið reyndar að yfirvöld í Kína eru að hugleiða að lækka skatta á nýja bíla með 1,6 lítra vélar eða minni. Skatturinn er nú 10% en myndi lækka um 5% og ef að slíkri lækkun myndi koma er víst að það mun hleypa aftur miklu lífi í bílasölu. Þegar fyrstu fréttir komu af þessari hugleiðingu kínverskra yfirvalda hækkuðu hlutabréf í mörgum bílaframleiðendum og ekki síst þeim kínversku. Hlutabréf í Great Wall Motor Co. hækkuðu til dæmis um 6,9% og um 6,0% í Geely.

### Meiri minnkun í Kína en USA

Tollastrið Bandaríkjanna og Kína, sem Donald Trump hóf, virðist ætla að hafa meiri áhrif á kínverskan bílamarkað en þann bandaríska og það eru slæmar fréttir fyrir marga af stærstu bílaframleiðendum heims. Tollastríðið hefur t.d. haft mikil áhrif á Volkswagen sem selur um 40% bíla sinna í Kína, en einnig verulega á Mercedes Benz, BMW, Ford og General Motors sem allir selja líka hátt hlutfall bíla sinna í Kína. Áður eru dæmi þess að í Kína hafi tollar verið lækkaðir á bíla til að auka söluna og var það til að mynda gert í september árið 2015 og ekki stóð á góðum viðbrögðum í kjölfar þess. Ef af skattalækkun Kínastjórnar verður má allt eins búast við 2-2,5 milljóna bíla aukinni sölu í Kína á næsta ári, en það mundi nema um 10% aukningu á milli ára.



Bílaumferð í Kína.




Ford

*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

## Nissan miðlar orku inn á þýska raforkukerfið og skapar tekjur

Sem umfangsmikil aflstöð fyrir raforku uppfyllir Nissan Leaf, fyrstur rafbíla, nú skilyrði þýsku orkustofnunarinnar German Transmission System Operator til að mega miðla (selja) raforku inn á grunnraforkukerfið þar í landi. Þetta eru mikil tímamót í samgöngu- og raforkumálum sem hefjast í borginni Hagen, skammt frá Dortmund, þegar miðlun grænnar orku Leaf inn á kerfið hefst. Forsenda þess er að Leaf uppfyllir ströng ákvæði laga um raforkusala.

### Leaf getur bæði tekið við og miðlað raforku

Fyrirtækin sem unnið hafa að verkefninu eru tæknifyrirtækið The Mobility House, orkusalinn ENERVIE, orkudreifingarfyrirtækið Amprion og Nissan sem lagt hefur verkefninu lið með miðlun upplýsinga um tækni Leaf og ekki síst háþróaða hleðslu- og orkustjórnun bílsins sem getur bæði tekið við og miðlað raforku af rafhlöðunni. Þessi sérstaða Leaf lagði grunninn að því að unnt var að uppfylla lagaákvæðin. Þetta þýðir í raun að nú er hægt að samþætta rafhlöðu og orkustjórnarkerfi Leaf þýska raforkukerfinu sem er risastórt skref í því að gera eigendum rafbíla kleift að selja raforku af bílum sínum inn á orkukerfi Þýskalands.

### Tekjumöguleikar eigenda rafbíla

Í fleiri og fleiri löndum á meginlandi Evrópu geta notendur rafbíla nýtt rafhlöðu bílsins til að geyma og miðla raforku til annarra nota, t.d. með því að tengja bílinn inn á raforkuinntak heimilis síns eða við hleðslustöðvar á vinnustað. Tæknin nefnist Vehicle-to-Grid Technology (V2G) sem gerir eigendum rafbíla Nissan kleift að selja orku af rafhlöðu bílsins inn á almenna raforkukerfið á háannatíma þegar raforkuverð er hátt og kaupa á móti raforku inn á rafhlöðuna utan háannatímans þegar verðið er lægra. Hugmyndina þróaði Nissan upphaflega sem leið fyrir eigendur til að afla sér aukatekna sem mismunur raforkuverðsins skapar við kaup og sölu.

## Nagladekk eða ekki yfir veturinn

Nú þegar vetur er genginn í garð ættu bíleigendur að íhuga vel hvað fer undir bílinn ef umhverfið skiptir máli. Eftir skýrsluna sem kom frá EES nú fyrr í mánuðinum hefur umræðan um loftgæði varla farið fram hjá neinum. Verkfræðingur hjá Eflu sagði í sjónvarpsfréttum að tími „mjúku leiðanna væri liðinn“, nú yrði að bregðast við með hörku. Ástæða er til að benda á aðrar lausnir en nagladekk sem valda talsverðri umhverfismengun.

### Svifryk og sótmengun

Það er kunn staðreynd að nagladekk spæna upp malbikið og til verður mikið svifryk sem herjar á íbúa höfuðborgarinnar og annars staðar í þéttbýli. Þegar þetta ryk bætist við þá sótmengun sem stafar af dísilbílum verður til kokteill sem oftsinnis hefur sprengt skalann á mælingastöðvum í borginni svo vissara er á tíðum að halda sig inni, ekki síst fyrir þá sem þjást af öndunarfærasjúkdómum. En hvað er til ráða? Dísilbílum mun án nokkurs vafa fækka mjög á næstu árum og verða víða bannaðir og bílaframleiðendur eru margir hverjir búnir að lýsa yfir endalokum þeirra. Annað sem umhverfisvænir bíleigendur geta



gert með áhrifaríkum hætti er að hætta notkun nagladekkja þar sem íslensku harðkornadekkin leysa slík dekk af og eru betri við margs konar aðstæður.

### Halda virkni þótt þau slitni

Aukinheldur eru harðkornadekk framleidd með endurnýtingu á eldri dekkjabelgum og með því sparast allt að 100 lítrar af jarðefnaeldsneyti, sem þá miðast við framleiðslu á einum dekkjagangi. Í bestu harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar í öllu slitlagi dekkjanna og því halda þau virkni sinni mun betur en önnur dekk þegar þau slitna. Prófanir hjá VTI í Svíþjóð sýndu fram á að þau höfðu 36% betri virkni en næstbestu dekkin. Það eru því ekki bara umhverfissjónarmið sem ættu að hvetja til notkunar harðkornadekkja, heldur einnig öryggissjónarmið og sparnaður þjóðarbúsins.



VW Atlas Tanoak.

# VW Atlas Tanoak pallbíll fyrir BNA

**Yrði smíðaður upp úr sjö sæta Atlas-bílnum sem aðeins er í boði í Bandaríkjunum og í Kína.**

Volkswagen býður þriggja sætaraða Atlas-bíl sinn í Bandaríkjunum og Kína, en ekki í Evrópu, að minnsta kosti ekki að sinni. Volkswagen er að auki að hugleiða að framleiða pallbílsútfærslu bílsins og hefur þegar smíðað tilraunaeintak sem fyrirtækið nefnir Atlas Tanoak og var sá bíll sýndur á síðustu bílasýningu í New York til að fá viðbrögð almennings og blaðamanna. Þau voru reyndar afar jákvæð. Volkswagen hefur ekki enn tekið ákvörðun um framleiðslu þessa bíls, en þó þykir það líklegt þar sem Volkswagen telur að hann henti Volkswagenmerkinu vel í Bandaríkjunum og þar er eftirspurn eftir pallbílum gríðarleg.

### Pallbílaæði vestanhafs

Flestir pallbílar sem seljast í Bandaríkjunum eru bæði stærri og auk þess innlendir, en þó selst minni Honda Ridgeline-pallbíllinn þar ágætlega. Volkswagen telur einmitt að til þess að Atlas Tanoak eigi séns vestanhafs verði hann að bjóðast undir verði Honda Ridgeline sem kostar 30.450 dollara. Það þætti ekki hátt verð hér á landi, eða um 3,7 milljónir króna. VW Atlas Tanoak er með 3,6 lítra V6-vél undir húddinu og skilar hún 276 hestöflum til allra hjólanna og hún er með 360 Nm tog. Nú er fátt annað að gera en gráta þann verðmun sem er á bílum í Bandaríkjunum og hérlendis.






**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**KOSTIR OG GALLAR**
## VOLVO V60

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 190 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 4,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 122 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,9 í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 219 km/klst.
**Verð frá:** 6.390.000 kr.
**Umboð:** Brimborg

Kostir:
- Útlit
- Innrétting
- Akstursgeta
- Rými

Gallar:
- Hátt verð í dýrustu útfærslum

# Bíll ársins með rentu

Það er hreinlega eins og Volvo smíði bara snilldarbíla og Volvo V60 er eitt skýrasta dæmið. Hann er fríður að innan sem utan, ótrúlega rúmur, býðst með flottu úrvali véla og er frábær akstursbíll.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@frettabladid.is





Vægast sagt laglegur að innan sem utan, smíðin óaðfinnanleg og enn ræður heillandi naumhyggjan ríkjum.

Volvo er búið að endurnýja mjög hratt allar sínar bílgerðir og sú nýjasta er í formi þessa fríða langbaks, Volvo V60. Það þarf ekki að fara í grafgötur með það að hér sé kominn fagur bíll og góður þar sem hann var nýlega kosinn bíll ársins af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) og hlaut af því tilefni stálstýrið eftirsótta. Það er hreinlega eins og Volvo geti ekki gert neitt rangt þessa dagana og það endurspeglast í frábærri sölu bæði á heimsvísu, sem og hér á landi, en Volvo hefur tekið við keflinu hér á landi sem söluhæsta lúxusbílagerðin af Mercedes Benz. Það er þegar orðið ljóst að Volvo verður langsöluhæsta slíka bílamerkið hérlendis í ár og ekki loku fyrir það skotið að yfir 500 Volvo-bílar seljist hérlendis á árinu. Volvo kynnti fyrst V60-bílinn árið 2010 og hér er því komin önnur kynslóð bílsins og þó svo sú fyrri hafi verið fín er þessi hreint afbragð.



### Langbakar orðið undir að ósekju

Það verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að langbakar eiga undir högg að sækja hvað sölu varðar í heiminum öllum, en það er einmitt svona bíll sem gæti snúið því aftur til betri vegar. Bílkaupendur hafa undanfarin misseri fremur keypt jepplinga, en svona bílar eins og Volvo V60 eru að mörgu leyti miklu betri kostur. Fyrir það fyrsta eru aksturseiginleikar svona bíla miklu betri en jepplinga. Þeir eru líka oftast ódýrari og hafa jafn mikið eða meira flutningsrými. Hæð undir lægsta punkt er líka ekki mikið minni en í jepplingum svo lítilli torfærugetu er fórnað. Svo eru svona bílar yfirleitt miklu fallegri og það á sannarlega við um hann þennan. Líklega fer hér fallegasti langbakurinn í þessum stærðarflokki, en hann keppir meðal annars við BMW 3, Mercedes Benz C-Class og Audi A4 langbakana um hylli kaupenda. Allt eru þetta fríðir bílar en Volvo V60 fer líklega með vinninginn hvað fegurð varðar. Hér verður hver og einn að leggja sitt eigið mat og enginn hefur



# BÍLAR

réttara fyrir sér en annar. Volvo V60 hefur lengst á milli kynslóða og er hann lengri en allir keppinautarnir og meira að segja lengri en Volvo XC60-jeppinn og mælist 4.761 mm. Stærð hans undirstrikar glæsileikann, en gefur honum einnig frábært innanrými, nóg pláss fyrir alla 5 farþegana og yfrið skottrými, eða 529 lítra og 1.441 lítra með aftursætin niðri.

## Allir vélarkostir 2,0 lítra en mikill aflmunur

Volvo ákvað fyrir talsvert löngu að bjóða alla sína bíla með fjögurra strokka og 2,0 lítra bensín- og dísilvélum misjöfnum að afli, allt eftir viðbótum í formi forþjappa og rafmagnsaðstoðar. Því er um margar gerðir aflrása að ræða og er hann boðinn hérlendis með D3- og D4-dísilvélum sem eru 150 og 190 hestöfl og í T6-bensínútgáfu með 310 hestöfl til taks. Volvo V60 verður einnig í boði á seinni stigum og T6 og T8 Plug-In-Hybrid gerðum með bensínvélum sem eru 340 og 390 hestöfl. Síðar kemur Cross Country gerð bílsins með fjórhjóladrifi. Sá bíll sem reyndur var í reynsluakstrinum var D4 með 190 hestafla dísilvélinni og var hann hrein unun í akstri. Hann skortir ekki afl með þessari vél, en það gæti þó átt við minnstu vélina. Hvað akstursgetu áhrærir keppir V60 við afar aksturshæfa bíla frá þýsku lúxusbílaframleiðendunum, en þessi bíll stendur þeim fyllilega á sporði þó sportlegir eiginleikar séu ef til vill enn meiri í sumum þeirra þýsku. Akstur Volvo V60 er bara svo yndislega áreynslu- og fumlaus og fjöðrun bílsins er hreint frábær og hann étur allar ójöfnur upp með bestu lyst. Við akstur þessa







bíls er best að draga djúpt andann í upphafi og síðan bara að njóta silkimýktarinnar sem hann býður upp á í akstri. Reyndar stóð Volvo V60 sig frábærlega í brautarakstri á Kvartmílubrautinni þegar hann var í lokaprófunum fyrir val á Bíl ársins, sem nú er orðin hringakstursbraut, og rúllaði þar brautinni upp sem fimleikamaður á sterum.

## Glæsilegar innréttingar Volvo

Dísilvélin í reynsluakstursbílnum var svo hljóðlát að efast mátti um að bíllinn væri í gangi þegar setið var í bílnum og hann látinn ganga í hægagangi. Reyndar er öll hljóðvist í bílnum frábær og Volvo hefur tekist að hljóðeinangra bílinn af kostgæfni. Val er um þrjár akstursstillingar, Eco, Normal og Dynamic. Bíllinn þenur sig mikið í gírunum í Dynamic-stillingunni og maður endist ekki lengi með hana á, en það er þó skemmtilegt þegar taka skal á bílnum. Í þessari stillingu herðir talsvert á fjöðruninni og stöðugleikinn eykst. Þægilegasti aksturinn er í Normal-stillingu. Að innan er Volvo V60 afskaplega fágaður og naumhyggjan ræður ríkjum í þessum bíl líkt og í öllum öðrum nýjum bílgerðum Volvo. Það efast enginn um það sem sér nýjustu innréttingar Volvo að sænski framleiðandinn er að smíða þessa dagana einar flottustu bílainnréttingar sem sést hafa. Auk þess eru sætin í bílnum hreint frábær, bæði í útliti og að sitja í. Volvo V60 er á verði frá 6.390.000 kr. með 150 hestafla dísilvélinni og á 7.290.000 með 190 hestafla dísilvélinni eins og var í reynsluakstursbílnum. Dýrasta útgáfa hans nú er á 8.290.000 kr, en á því verði eru bæði R-Design- og Inscription-útfærslurnar.


Hagstæð fjármögnun á bílum og tækjum



**Landsbankinn býður** fyrirtækjum og einstaklingum hagstæða fjármögnun á nýjum og notuðum bifreiðum og atvinnutækjum.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Fljúgandi Finnar í Þúsundvatnarallinu

Sex Íslendingar fóru og sáu eina athyglisverðustu rallkeppni ársins, Þúsundvatnarallið í Finnlandi, en hún er hluti af heimsmeistaramótinu í rallakstri. Finnland er sannkallað heimaland rallsins.

Allir ralláhugamenn eru sammála um að finnskar sérleiðir séu þær bestu í heimi, sérstaklega ef þeir hinir sömu hafa áhuga á miklum hraða og að sjá bíla stökkva á blindhæðum, jafnvel tugi metra. Það hafði verið draumur okkar félaganna að skjótast og horfa á eina keppni í Finnlandi og auðvitað dugði ekkert minna en að fara á keppni sem heitir Rally Neste Finland sem er hluti af heimsmeistaramótinu. „Fljúgandi Finnar“ er svo sannarlega réttnefni ökumanna á þessum slóðum, en keppnin hófst í háskólabænum Jyväskylä en margir frægustu ökumenn heims eru frá þessu svæði og keppnin oft kölluð Þúsundvatnarallið. Menn eins og Juha Kankkunen, Hannu Mikkola, Pentti Airikalla, Makkuu Alén, Timo Salonen, Ari Vatanen, Sebastian Lindholm, Tommi Makinen, Marcus Grönholm, Harri Rovanpera, Mikko Hirvonen, Jari Matti Latvala og fleiri og fleiri eru frá þessu svæði. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera bændasynir, voru settir snemma undir stýri á dráttarvélum og öðrum tækjum búgarðsins.

### Ný kynslóð að taka við

Ótrúlegt í raun að allir þessir menn séu nánast frá sama blettinum, svæðið bara svipað að stærð og Borgarfjörðurinn. Undirritaður kannast svo sem við þetta og hugsar hlýlega til Hjálmars frænda í Hrauni í Hnífsdal, er hann setti mig undir stýri á unga aldri. Við sjáum að nú hefur önnur kynslóð ökumanna tekið við, Kalle Rovanpera og Emil Lindholm eru menn framtíðarinnar, annar 17 ára, hinn 23 ára. Það er því spurning hvað gerist með þessa ungu menn, kannski er að opnast gluggi núna, því einungis 2 af þeim 15 ökumönnum sem aka fyrir verksmiðjuliðin eru með samning kláran fyrir næsta ár. Það sást líka á aksturslagi þessara kappa að menn lögðu allt undir, vildu sanna sig fyrir stóru liðunum. Einnig heyrum við manna á milli að keppnin muni færast á næsta ári frá Þýskalandi og Spáni til annarra landa.

### Miklar væntingar til Toyota

Við finnum það strax að fólk hefur miklar væntingar til Toyota-liðsins, enda höfuðstöðvar þarna rétt hjá með heimamanninn og margfaldan heimsmeistarann Tommi Makkinen við stjórnvölinn. Löngu hættur að aka sjálfur en hefur ráðið til sín afar góða ökumenn og það er krafa allra að helst allir þrír bílarnir endi á verðlaunapalli. Það er greinilegt fyrir okkur áhugamennina að allt er lagt undir, heimamenn undir stýri, akandi um vegi sem þeir þekkja frá unga aldri, a.m.k. fyrir þá Jari Matti Latvala og Esapakka Lappi sem vann keppnina á síðasta ári. Eistinn Ott Tanak nær samt fljótt forustu í rallinu, Toyota virðist hraðasti bíllinn hér, svo sem ekki skrítið, liðið notar þessar leiðir til að prófa bílana allt árið um kring. Við félagarnir tökum eftir því að Toyotan bremsar öðruvísi en aðrir bílar. Eins og þeir noti gírkassann og mótorinn meira við hemlun, a.m.k. benda hljóðin til þess. Það kom líka á daginn að þeir eru að prófa sig áfram með þennan búnað og það kom nokkrum sinnum fyrir að þeir drápu óvart á vélum í a.m.k. tvígang, þ.e.a.s. „stolla mótor“ eins og það kallast á fagmáli. Við bíleigendur getum þá verið vissir um að þessi búnaður mun koma eftir nokkur ár í fjöldaframleidda bíla, það er augljóst að þetta lofar góðu.

### 300 þúsund áhorfendur

Einar 104 áhafnir voru skráðar til leiks í aðalkeppninni, auk 88 annarra sem aka hluta af leiðum á minna breyttum bílum. Á sérleiðinni um Kakaristo koma tugir þúsunda til að horfa á rallið og menn búast við um 250 til 300 þúsund manns í heildina á allar sérleiðirnar. Fólk kemur frá öllum löndum til að hvetja sína menn, fánar á lofti og það er pínu rígur á milli Finnanna og Eistanna, a.m.k. að því er snýr að fjölda fána og hvar menn koma sér fyrir. Við erum heppnir, tengiliður okkur hjá keppnishaldara var búinn koma okkur í samband við góðan heimamann sem heitir Pekka Mikkonen sem var svo almennilegur í alla staði, tók okkur eiginlega upp á sína arma og kynnti okkur fyrir ýmsu fólki sem tengist rallinu. Þar á meðal fyrir Huujarnifjölskyldunni sem á landið þar sem umrædd sérleið er ekin. Þau hafa lánað landið sitt og vegi síðan 1966 og bara í beygjunni fyrir framan húsið þeirra voru nú 25.000 manns að horfa, sumir komu daginn áður með húsbílinn sinn, aðrir komu fyrr um morguninn en við fengum að sitja í lítilli stúku sem tilheyrði bóndanum. Vá, þvílíkur aðbúnaður, þvílíkur áhugi þessa fólks á íþróttinni, maður verður hálf klökkur að vita til þess að það sé til fólk sem hefur svona mikinn metnað fyrir mótorsporti og að sjálfsögðu fá þau tekjur af þessu öllu saman. Það kostaði t.d. 800 kr. að leggja bíl á svæðinu.





Þeir taka víst flugið í Þúsundvatnarallinu. MYNDIR/GUNNLAUGUR EINAR BRIEM

### Ók fram hjá með húddið opið

Já, þeir kunna og vita þetta í Finnlandi, rallý er áhugamál og það má hafa af því talsverðar tekjur. Eitthvað sem því miður allt of fáir gera sér grein fyrir heima á Íslandi. Huujarni-fjölskyldan er persónulegir vinir margra þessara rallýkappa, t.d. var Ari Vatanen, margfaldur heimsmeistari, heimagangur hjá þeim á sínum yngri árum, auk þess sem áttfaldur Finnlandsmeistari, Sebastian Lindholm, bjó þarna rétt hjá. Húsfreyjan segist alltaf muna vel eftir fyrsta rallinu fram hjá eldhúsglugganum, það var árið 1966 og hún var ófrísk að elsta syni sínum, man eftir Austin Mini-bíl sem ók fram hjá með húddið opið og fast upp að framrúðunni. Myndskot af þessum bíl á þessari sérleið má sjá í byrjun á þáttum sem WRC gerir um allar keppnir ársins.

### Þrjár til fimm myndavélar á öllum sérleiðum

Tiina Lehmoken hjá fyrirtækinu NEP, sem sér um að taka upp allt sjónvarpefni WRC á heimsvísu, sýndi okkur aðstöðu þeirra á svæðinu og sagði frá starfi sínu og frá fyrirtækinu. Þau eru með um 50 fasta starfsmenn, auk þess að hafa um 50 manns sem verktaka í hverju landi fyrir sig. Það eru þrjár fastar myndavélar í hverjum rallýbíl verksmiðjuliðanna og liðin eru fimm. Myndavélar eru á öllum sérleiðum, þrjár til fimm vélar á hverri sérleið. Fyrirtækið er með eina þyrlu sem myndar úr lofti og svo er ein flugvél á lofti allt rallið sem er notuð sem endurvarpi fyrir öll þessi gögn, öllu er hlaðið niður um leið og efnið er tekið upp. Þau notuðu þrjá stóra útsendingarbíla í þessu ralli og stundum nota þau fleiri bíla ef þarf. Á hverjum keppnisdegi ná þau um 300 klst. af hráu efni sem þau nota svo til að búa til þætti sem eru tilbúnir síðar hvert kvöld. Við sem þekkjum þessa þætti áttum okkur á því að ökumenn eða liðin geta ekki falið eitt né neitt, allt er sýnt, raunveruleikasjónvarp af bestu gerð og Tiina segir okkur að yfirmaður þáttanna sitji í stól sínum alla dagana og fáist ekki með neinu móti til að taka sér kaffi- eða matartíma, slíkur sé áhuginn.

### Eistinn Ott Tanak hafði sigur

Við strákarnir erum sex talsins, höfum farið á margar keppnir erlendis í nokkrum löndum og skrifað smá um allar þessar ferðir okkar og lykillinn að öllu saman er sérlegur ljómyndari okkar, Gunnlaugur Einar Briem, sem hefur myndað mótorsport bæði hér á landi og erlendis með miklum sóma. Án mynda væri grein sem þessi lítils virði. Fyrir síðustu sérleið rallsins var í raun allt opið milli efstu manna. Menn máttu ekki gera nein misstök í akstri því nokkrar sekúndur skildu menn að. Það fór þó svo að lokum að Eistinn Ott Tanak náði fyrsta sæti. Það var því afar tignarleg sjón að sjá kappana koma fljúgandi í mark í orðsins fyllstu merkingu.

**Páll Halldór Halldórsson**



IGNIS

MÍKRÓ JEPPI

SUZUKI Way of Life!

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG

# SUZUKI IGNIS 4X4!

SUZUKI ER ÁREIÐANLEGASTI BÍLLINN SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM ÁRLEGRAR KÖNNUNAR BRESKA BÍLARITSINS „WHAT CAR?“

VERÐ FRÁ KR.
**2.590.000**




ALLGRIP AUTO

- Allgrip auto fjórhjóladrifskerfi
- 18 cm undir lægsta punkt
- Sparneytin og öflug 1,2L Dualjet vél
- 4,7 m beygjuradíus
- Einnig fáanlegur með Mild Hybrid tvinnaflrásarvél

*Það er alltaf Suzuki veður!*

Suzuki Ignis er valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt að utan sem innan.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

## HONDA CIVIC TYPE-R

- 2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 320 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 7,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 176 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 5,8 í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 272 km/klst.
**Verð frá:** 7.250.000 kr.
**Umboð:** Bernhard

Kostir:
- Afl
- Aksturseiginleikar
- Útlit
- Verð

Gallar:
- Stífur á fjöðrum

# Ljónið á veginum



**Honda Civic Type-R er undravert ökutæki sem bæði á besta tíma framhjóladrifinna bíla á Nürburgring-brautinni og er svo ljúfur fjölskyldubíll fyrir 5 farþega og með ágætt skottrými. Sannkallaður draumur bílaáhugamannsins.**

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is









Afgerandi ytri hönnunin er ekki beint að fela það að hér fer grimmur sportbíll.

Bíll sem fer Nürburgring-brautina á 7 mínútum og 43,8 sekúndum er allrar athygli verður og ekki síst þegar um er að ræða bíl sem kostar ekki nema 7.250.000 kr. Það á við Honda Civic Type-R og sá bíll var reyndur í síðasta mánuði og þess notið til hins ýtrasta, enda fer hér einn magnaðasti „hot-hatch“-bíll sem fá má. Það eru heldur ekki svo margir slíkir bílar sem bjóðast hér á landi og helsti samkeppnisbíll hans, Subaru WRX, er til dæmis ekki í verðlista umboðsfyrirtækis Subaru, þ.e. BL. Því er einkar gaman að sjá að Bernhard skuli bjóða þennan bíl hérlendis og það sem lagervöru.

Útlit Honda Civic Type-R er afar afgerandi og það leynir sér ekki að þarna fer bíll sem krefst þess að á honum sé tekið. En ekki láta grimmt útlitið blekkja þig, þar er allt smíðað með ástæðu. Hann á að límast við malbikið og stór vindskeiðin að aftan tryggir það meðal annars og allt annað sem gerir þennan bíl svona grimman útlits og kraftalegan er til að tryggja kælingu vélar eða hemla bílsins. Allt fyrir grimman akstur og ekkert falið til að gera það með stæl. Sumum gæti fundist útlitið of afgerandi en þeim hinum sömu skal bent á annan „hot-hatch“-bíl, þ.e. Volkswagen Golf R, en þar fer úlfur í sauðargæru sem lætur lítið yfir sér útlitslega, en hann er líka dýrari.

### 320 hestafla villidýr

En það sem ef til vill umfram allt gerir Honda Civic Type-R svo hraðskreiðan er 320 hestafla vélin sem undir húddinu lúrir. Þar fer vél sem er ekki með nema 2,0 lítra sprengirými með eina forþjöppu. Þessi vél er afar háþrýst og krefst þess að ökumaður snúi henni á ógnarhraða til þess að þessa bíls verði notið eins og verkfræðingar Honda ætluðu. Það hefur reyndar alltaf átt við vélar Honda, það á hreinlega að taka allt út úr þeim með því að þenja þær í gírunum og allt gríðaraflið er ekki tekið út nema með því að nálgast rauðu línuna að 7.000 snúninga markinu. Þannig á að aka þessum bíl og það var gert með mikilli gleði.

Það má reyndar undrum sæta að allt þetta afl sem í Honda Civic Type-R er sé sent aðeins til framhjólanna og fyrir vikið þarf dálítið að passa upp á það að bíllinn spóli ekki fullmikið. Fyrir því fannst þó ekki svo mikið þó hægt sé að gera það í nokkrum lægri gírum bílsins.

Talandi um gíra þá er Honda Civic Type-R að sjálfsögðu beinskiptur, eins og svona bílar eiga að vera. Þannig njóta þeir sem elska svona bíla akstursins best og vilja ekkert annað, enda er hann ekki í boði sjálfskiptur.

### Líka fjölskyldubíll með mikið rými

Það furðulega er þó að þótt þessi bíll sé uppsettur dálítið eins og brautarbíll getur hann verið eini bíll fjölskyldunnar, svo þægilegur er hann í akstri þó að stífur sé. Honda Civic Type-R er nefnilega með aksturssstillingum, Normal, Sport og Sport+. Ef stillt er á Normal er þessi bíll einkar þægilegur í akstri og ef haft er í huga að hann er 5 manna með fín aftursæti og gott skottrými er hreinlega lítil þörf fyrir annan bíl ef ekki á að fara á fjöll.

Honda Civic Type-R af þessari nýju kynslóð er 38% stífari en forverinn og fyrir því finnst í lítilli hreyfingu yfirbyggingarinnar. Greinarritari stóð sig að því að stilla bílinn í lengri akstri á Normal en í Sport eða Sport+ á styttri leiðum þar sem margar beygjur og hringtorg leyndust til að njóta þess besta í bílnum. Ég minnist hreinlega ekki meira veggrips en þessi bíll hefur á sínum breiðu 245/30 ZR20 sportdekkjum sem eru hreinlega korter í brautardekk. Bíllinn var svo límdur í malbikið á hringtorgum og ekki hef ég farið hraðar í gegnum þau á nokkrum bíl. Hann er með nánast enga undirstýringu og það er líklega hræðsluvekjandi að ganga að þeim mörkum er hann lætur undan. Þessi bíll er bara algjör klessa á vegi og fær hárin til að rísa. Til þess var hann líka smíðaður.

Brembo-bremsur bílsins eru svo sér kapítuli með 13,8 tommu diska og stöðva bílinn á undraskömmum tíma.

### Frábær skipting og stutt á milli gíra

Að handskipta þessum bíl er líka dásemd, hann er með afar stutt á milli gíra, eins og það á að vera með svona hæfan hraðakstursbíl. Þessi skipting er með allra bestu beinskiptingum sem undirritaður hefur reynt, svo stíf og með svo geggjuðum þriðja gír að þar vill maður dvelja sem lengst og þenja hann sem allra lengst einmitt þar.

Hvað skyldi svo svona öflugur bíll eyða miklu með öll þessi hestöfl til taks? Jú, 7,7 lítrum í blönduðum akstri. Ekki ætti því eyðslan að hræða neinn frá kaupum en líklegt má nú telja að fáir aki þessum bíl í þeim tilgangi að ná sem minnstri eyðslu hans, en því má samt ná.

Innrétting Honda Civic Type-R er sportleg og einföld og hönnuð í því augnamiði að ökumaður sé snöggur að öllu, hér er ekki verið að flækja neitt og engu ofaukið. Þannig eiga sportbílar líka að vera. Framsætin eru hrikalega sportleg og flott en umfram allt þægileg og halda ökumanni límdum og ekki veitir af.

Honda á Íslandi býður Honda Civic Type-R í enn flottari GT-line útfærslu á 7.550.000 kr.

Meiri kynlöngun - minni kvíði

Revolution Macalibrium®

Karlmenn sem komnir eru á miðjan aldur glíma margir hverjir við einkenni sem rekja má til minnkandi framleiðslu testósteróns.

Revolution Macalibrium er blanda ólíkra arfgerða macajurtarinnar, sérstaklega ætluð karlmönnum til að draga úr þessum einkennum og koma meira jafnvægi á hormónabúskapinn.

*Maca er afar virk rót og því er ráðlagt að byrja á því að taka 1 hylki á dag og bæta við öðru hylki eftir 1-2 vikur. Eftir 3-4 mánuði má minnka skammtinn aftur niður í 1 hylki en það gæti nægt til að viðhalda jafnvægi.*




Hefur góð áhrif á:
- Orku og úthald
- Beinþéttni
- Kynferðislega virkni
- Frjósemi og almennt heilbrigði



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.


MotorMax
Smurstöð
MotorMax
Opnunartímar
Virka daga 07:45 til 18:00
Laugardaga 12:00 til 16:00
Engar tímapantanir!
Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040
Við smyrjum bílinn þinn með hágæða MOTUL olíum.
MotorMax
Motormax nýtt afl á íslenskum bílamarkaði
▪ Varahlutir í alla bíla
▪ Westfalia dráttarbeisli
▪ Brenderup gæðakerrur
▪ Motul olíur
Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040
westfalia
Brenderup
MOTUL
ABS
MAPCO
Kavo
PARTS

# BÍLAR

## Endanleg útgáfa Tesla Model Y tilbúin

Næsta bílgerð sem rafbílaframleiðandinn Tesla mun senda frá sér er jepplingurinn Model Y. Nú hefur endanleg útgáfa Model Y verið samþykkt til framleiðslu. Miklar væntingar eru í herbúðum Tesla hvað vinsældir Model Y-bílsins varðar, en þar á bæ er búist við enn betri viðtökum en Model 3-bíllinn fékk sem nú eru komnar 450.000 pantanir í. Líklega verður Model Y-bíllinn sýndur almenningi í mars á næsta ári en áætlað er að fjöldaframleiðsla á honum hefjist í byrjun árs 2020.

Model Y-bíllinn á að liggja á milli Model 3 og Model S í verði, þó nær Model 3, og kosta um 45.000 dollara í grunnútgáfu. Sami undirvagn verður í Model Y og Model 3.

Þó að styttast fari í frumsýningu á Model Y ætlar Tesla ekki að láta staðar numið þar því einnig stendur til að sýna fyrsta pallbíl Tesla á næsta ári, sem og endurlífgaðan Tesla Roadster-bíl. Tesla er því ekki lengur bílafyrirtæki sem aðeins framleiðir eina eða tvær bílgerðir, því stutt er í að þær verði a.m.k. 6 talsins.



Þessa stríðnimynd hefur Tesla sent frá sér af Model Y bílnum.



## BMW M3 langbakur í kortunum

Sportbíladeild BMW, sem kennir sig við stafinn M, hugleiðir nú að bæta 3-línu bíl BMW í langbaksformi í safn þeirra bíla sem þar býðst. Styttast fer í kynningu BMW á nýrri kynslóð BMW 3 og gæti það orðið á bílasýningunni í Genf í vor, en líklegt þykir að M-deildin notist við nýja kynslóð bílsins.

BMW kynnti fyrir löngu síðan mjög öfluga gerð 3-línu bíls í langbaksformi af E46 smíðagerð og bar hann nafnið M3 Touring. Hann var aldrei hugsaður nema sem takmörkuð smíði með ákveðinn enda. Í ljósi þess að BMW teflir ekki fram keppinaut gegn Audi RS4 Avant og Mercedes Benz AMG C63 Estate er ekki ólíklegt að af smíði BMW M3 langbaks verði. Þar sem M-deild BMW smíðar nú þegar BMW M3 með skotti verður fjárfestingin við að bæta langbaksgerð bílsins við líklega ekki mikil.



Frá höfuðstöðvum Volkswagen Group í Wolfsburg í Þýskalandi.

## Hagnaður VW Group lækkar um 19 prósent

Stærsti bílaframleiðandi heims, Volkswagen Group, greindi fyrir um viku frá 19% minni hagnaði á þriðja fjórðungi þessa árs en í fyrra. Nam hagnaður VW Group engu að síður um 480 milljörðum króna. Er minni hagnaður framleiðandans talinn aðallega stafa af nýjum mengunarreglum Evrópusambandsins, WLTP, og hefur Volkswagen Group þurft að taka suma af sínum bílgerðum af markaði vegna þessara nýju mengunarregla. Ekki hjálpaði heldur til dræm sala bíla VW Group í Kína en það stafar af tollastríði því sem ríkir á milli Bandaríkjanna og Kína og hefur gert bíla evrópskra framleiðenda dýrari í Kína.

### Samt aukin sala á árinu

